# FRÉTTABLAÐIÐ

128. TÖLUBLAÐ 19. ÁRGANGUR — MEST LESNA DAGBLAÐ Á ÍSLANDI* — ÞRIÐJUDAGUR 4. JÚNÍ 2019




Donald Trump Bandaríkjaforseti hóf þriggja daga opinbera heimsókn sína til Bretlands í gær. Hér sést hann með Elísabetu drottningu en varðmenn standa heiðursvörð. FRÉTTABLAÐIÐ/EPA

# Langt þar til þingmenn komast í frí

**Þingmenn og starfsfólk þingsins hefur margt fengið veður af því að þingstörf gætu þess vegna varað út mánuðinn. Risastór mál bíða afgreiðslu og í gær voru 46 mál á dagskrá. Stjórnarandstaðan veigrar sér við að beita málþófi vegna aðferða Miðflokksmanna.**

**ALÞINGI** Talið er líklegt að Alþingi verði að störfum langt inn í júnímánuð vegna þeirrar pattstöðu sem hefur myndast í þinginu síðustu daga. Engin sátt virðist vera í sjónmáli milli stjórnar og stjórnarandstöðu og á sama tíma velta stjórnarflokkarnir fyrir sér hvernig þeir eigi að taka á málgleði Miðflokksmanna um þriðja orkupakkann.

Stór mál bíða afgreiðslu þingsins áður en farið er í sumarfrí. Fjármálastefna ríkisstjórnarinnar var tekin til umræðu í gær og enn er beðið eftir því að seinni umræða um fjármálaáætlun ríkisstjórnarinnar fyrir 2020 – 2024 hefjist í sölum Alþingis en áætlunin hefur verið rædd á samtals 33 nefndarfundum þingsins.

Samkvæmt heimildum Fréttablaðsins eru þetta mál sem stjórnarandstaðan hefði alla jafna viljað taka góðan tíma í að ræða og þæfa málið í þingsal. Hins vegar veigra stjórnarandstöðuflokkarnir sér nú við að fara þá leið eftir viðstöðulausa umræðu þeirra um þriðja orkupakkann.

Að sama skapi er þingmönnum stjórnarandstöðunnar illa við að þurfa að semja um þinglok með Miðflokksmönnum og telja málþóf þeirra ekki á nokkurn hátt styrkja samningsstöðu minnihlutans á þinginu. Stjórnarandstaðan bauð þinginu í gær að að taka mál um breytingar á skerðingum til öryrkja fram fyrir umræður og flýta því. Hins vegar höfnuðu stjórnarliðar þeirri málaleitan sem torveldar því að málið klárist á þessu þingi.

Eðlileg umræða um fjármálaáætlun og fjármálastefnu munu líkast til taka dágóðan tíma og heyrst hefur af mikilli óánægju með þjóðarsjóðsfrumvarp Bjarna Benediktssonar. Hins vegar mun þriðji orkupakkinn verða VG og Framsóknarflokknum erfiður. Margir í grasrót Framsóknarflokksins vilja ekki að þriðji orkupakkinn verði samþykktur.

Einnig hefur því verið fleygt fram að forystumenn í Framsóknarflokknum vilji ekki að sviðsljósið verði á þriðja orkupakkanum þessa vikuna því um næstu helgi kemur miðstjórn flokksins saman í Bændahöllinni. **-sa**

## Gunnleifur sló Íslandsmet

**FÓTBOLTI** Gunnleifur Vignir Gunnleifsson varð um síðustu helgi leikjahæsti leikmaður í sögu Íslandsmótsins í knattspyrnu karla.

Gunnleifur hefur spilað knattspyrnu í hæsta gæðaflokki hér heima í 25 keppnistímabil. Um nýliðna helgi lék hann deildarleik númer 424 og skákaði þar Gunnari Inga Valgeirssyni.



Allt líf Gunnleifs snýst um knattspyrnu og ástríðan fyrir henni leynir sér ekki þegar rætt er við hann. **- hó**

## Illvirki gegn náttúrunni

**UMHVERFISMÁL** Landeigandi Reykjahlíðar vill breytt lagaumhverfi í kringum utanvegaakstur. Rússnesk samfélagsmiðlastjarna varð í fyrradag uppvís að utanvegaakstri á jarðhitasvæði og fékk 450 þúsund króna sekt.

Umhverfisráðherra segir þetta illvirki gegn náttúrunni og fordæmir athæfið. Ísland þurfi ekki á svona ferðamönnum að halda til að kynna landið. Hann telur þó að forvarnarstarf landvarða sé að skila sér en alltaf séu svartir sauðir innan um.

Upplýsingafulltrúi Umhverfisstofnunar segir viðvörunarbjöllur hringja vegna málsins. Flestir ferðamenn umgangist náttúruna hins vegar af virðingu. Þá sé utanvegaakstur ekki bundinn við erlenda ferðamenn. **- ab** / **sjá síðu 4**







## Veður




N- átt, víða 8-13 m/s í dag. Dálítil rigning /slydda norðan og austan til, bjart veður á S- og SV-landi. Hiti 2 til 14 stig, hlýjast sunnan til á landinu. SJÁ SÍÐU 14



**Bergþór Grétar Böðvarsson, Reykvíkingur síðasta árs, ásamt borgarstjóra.** FRÉTTABLAÐIÐ/ERNIR

# Leitað að Reykvíkingi ársins 2019

**SAMFÉLAG** Dagur B. Eggertsson borgarstjóri óskar eftir ábendingum frá borgarbúum um hver eigi skilið að vera Reykvíkingur ársins 2019. Er þetta í níunda sinn sem staðið er fyrir þessu vali.

Í tilkynningu segir að til greina komi aðeins einstaklingar sem verið hafi til fyrirmyndar eða sýnt af sér háttsemi eða atferli sem komi borginni til góða.

> **Það eru svo ótal margir Reykvíkingar sem eru að vinna óeigingjarnt starf í þágu borgarinnar á hverjum degi.**
>
> Dagur B. Eggertsson borgarstjóri

„Það eru svo ótal margir Reykvíkingar sem eru að vinna óeigingjarnt starf í þágu borgarinnar á hverjum degi og þessu fólki ber að þakka. Ég hvet alla þá sem vita af slíkum einstaklingum að senda inn tilnefningu um Reykvíking ársins 2019,“ segir Dagur.

Hægt verður að skila inn tilnefningum á netfangið hugmynd@reykjavik.is eða bréflega til borgarstjóra fyrir fimmtudaginn 13. júní næstkomandi. - sar

# Stíft fundað á Alþingi



**Þingmenn standa í ströngu þessa dagana en mörg mál á enn eftir að afgreiða áður en þingi verður frestað. Eitthvað gætu þeir þurft að bíða lengur eftir því að komast í sumarfrí og afdrif þriðja orkupakkans eru meðal annars óráðin.** FRÉTTABLAÐIÐ/ANTON BRINK

FRÉTTABLAÐIÐ +PLÚS Fleiri myndir frá Alþingi í gær er að finna á +Plússíðu Fréttablaðsins. **Fréttablaðið +Plús er í Fréttablaðs-appinu og PDF-útgáfu á Fréttablaðið.is.**

## Litlar sem engar breytingar á fylgi flokkanna

**STJÓRNMÁL** Fylgi flokkanna breytist lítið milli mánaða samkvæmt nýjum Þjóðarpúlsi Gallup. Voru breytingarnar á bilinu 0,1 til 1,1 prósentustig og teljast ekki tölfræðilega marktækar.

Sjálfstæðisflokkur mælist sem fyrr stærstur með 23,4 prósenta fylgi, næst kemur Samfylking með 16,6 prósent og því næst Vinstri græn með 12,4 prósent.

Þá styðja 11,2 prósent Pírata, 10,9 prósent Viðreisn, 10 prósent Miðflokkinn og 8,5 prósent Framsóknarflokkinn. Sósíalistaflokkur Íslands mælist með 3,7 prósenta fylgi og Flokkur fólksins með 3,2 prósent.

Þá segjast 49,6 prósent styðja ríkisstjórnina. Könnun Gallup var gerð 3. til 30. maí. Heildarúrtakið var rúmlega sex þúsund manns og var þátttakan 53,5 prósent. - sar

# Dúxinn sem dreymir um sauðfjárrækt

**Elíza Lífdís útskrifaðist sem búfræðingur og hlaut verðlaun fyrir góða frammistöðu í fjórum greinum. Hana dreymir um að verða bóndi og leitar sér að búi til að taka við.**

**MANNLÍF** „Ég hafði nú ekkert svo mikið fyrir þessu, sem betur fer er ég bara þokkalega vel gefin,“ segir Elíza Lífdís Óskarsdóttir búfræðingur. Hún útskrifaðist með búfræðipróf frá Landbúnaðarháskóla Íslands síðastliðinn laugardag og hlaut verðlaun fyrir góða frammistöðu. Elíza hlaut verðlaun fyrir árangur sinn í sauðfjárrækt, nautgriparækt, hagfræðigreinum og á búfræðiprófi.

„Ég er alin upp í sveit en ekki svona á þessum týpíska sveitabæ sem er með dýr sem ég get tekið við,“ segir Elíza, en hana hefur alla tíð dreymt um verða bóndi. „Ég fór í þetta nám af því að ég hef engan til þess að taka við af, þannig að mér fannst sniðugt að fara í skólann og reyna að ná mér í einhver sambönd.“

Elízu hefur alltaf gengið vel í skóla og fékk hún einkunn yfir níu í þeim fjórum greinum sem hún hlaut verðlaun fyrir. „Ég hef alltaf þurft að hafa frekar lítið fyrir því að læra. Þetta var þó bæði skemmtilegt og pínu strembið af því að ég var að vinna með, hafði þess vegna ekki mjög mikinn tíma fyrir skólann,“ segir hún. Elíza var í fullu námi og á sama tíma vann hún hálft starf á bensínstöð.

„Ég er ekki svona níu til fimm manneskja og finnst voðalega gott að dagarnir séu mismunandi. Ég þrífst á því að hafa nóg að gera,“ segir Elíza og segir hún það henta




**Elíza Lífdís Óskarsdóttir, nýútskrifaður búfræðingur.** MYND/ELÍZA LÍFDÍS

> **Það gefur miklu meira af sér að vera með kýr en mér finnst kindurnar bara miklu skemmtilegri.**
>
> Elíza Lífdís Óskarsdóttir búfræðingur

vel í draumastarfið. „Það væri draumurinn að vera sauðfjárbóndi en það er spurning hvort það borgi sig, maður verður þá að vinna eitthvað annað með því. Það gefur miklu meira af sér að vera með kýr en mér finnst kindurnar bara miklu skemmtilegri,“ segir hún og bætir við að leiðinlegasti hluti starfsins sé slátrunin en það sé þó partur af því að vera bóndi.

Verklegi hluti námsins var það sem Elízu fannst skemmtilegast við námið, en hún var í verknámi í Gýgjarhólskoti í Biskupstungum og lætur vel af því. „Allt þetta verklega fannst mér skemmtilegast. Ég fór í verknám í tvo mánuði og það var geggjað.“ Hún segir óvíst hvað hún tekur sér fyrir hendur eftir útskrift en hún leitar nú að vinnu og jafnvel búi til að taka við. „Nú er ég bara opin fyrir öllu. Þyrfti held ég bara að finna mér bónda og bú.“

**birnadrofn@frettabladid.is**





**Garðsláttuvélar**
**sem slá á þínum gönguhraða**

Það er leikur einn að slá með nýju garðsláttuvélunum frá CubCadet. Þær eru með MySpeed hraðastilli sem aðlagar keyrsluhraða vélanna að þínum gönguhraða.

Cub Cadet
Gerir sláttinn auðveldari

ÞÓR HF
Reykjavík: Krókháls 16, 110 Reykjavík, Sími 568-1500
Akureyri: Baldursnes 8, 603 Akureyri, Sími 568-1555
Opnunartími: Opið alla virka daga, Lokað um helgar
Vefsíða og netverslun: www.thor.is

# Hlutafjárútboð

Boðnir verða til sölu 100.000.000 nýir hlutir í Marel, eða sem samsvarar um 15% af útgefnu hlutafé í félaginu. Þar af verða allt að 9.090.909 nýir hlutir gefnir út í tengslum við hefðbundinn valrétt til að mæta umframeftirspurn.

**Hlutafjárútboðið skiptist í:**

- Almennt hlutafjárútboð á Íslandi
- Almennt hlutafjárútboð í Hollandi
- Alþjóðlegt útboð til fagfjárfesta sem uppfylla ákveðin skilyrði samkvæmt lögum

Heildarfjöldi hluta í Marel fyrir hlutafjáraukninguna er 671.007.916 hlutir. Hver hlutur er ein króna að nafnverði og eru allir hlutirnir í einum flokki. Auðkenni hlutanna er MAREL og ISIN er IS0000000388. Áskriftartímabil í hlutafjárútboðinu hófst 29. maí 2019 kl. 7:00 (GMT). Almennu hlutafjárútboði á Íslandi og í Hollandi lýkur 5. júní 2019 kl. 15:30 (GMT) og alþjóðlegu útboði til fagfjárfesta lýkur 6. júní 2019 kl. 11:00 (GMT). Niðurstöður hlutafjárútboðsins verða birtar opinberlega í lok útboðstímabilsins sem er áætlað að verði þann 6. júní 2019.

Allir hlutir í hlutafjárútboðinu verða boðnir til sölu á leiðbeinandi verðbili frá 3,40 evrum allt að 3,90 evrum á hlut, en endanlegt útboðsgengi verður ákveðið af Marel í lok útboðstímabilsins sem er áætlað að verði 6. júní 2019.

Úthlutun til fjárfesta sem tekið hafa þátt í hlutafjárútboðinu verður ákveðin af Marel og mun eiga sér stað eftir að útboðstímabilinu lýkur. Allir seldir hlutir í hlutafjárútboðinu verða gefnir út í evrum hjá Euroclear í Hollandi. Óskað hefur verið eftir því að hlutirnir verði teknir til viðskipta í Euronext kauphöllinni í Amsterdam til viðbótar við skráningu allra hluta í Marel á Aðalmarkað Nasdaq Ísland. Gert er ráð fyrir að skilyrt viðskipti (háð töku hlutanna til viðskipta í Euronext í Amsterdam) hefjist 7. júní og fyrsti dagur óskilyrtra viðskipta sé 12. júní 2019, sem er einnig sá dagur sem gert er ráð fyrir að hlutirnir verði teknir til viðskipta hjá Euronext í Amsterdam.

Sjóðir á vegum Blackrock og Credit Suisse Asset Management (Switzerland) Ltd. hafa skuldbundið sig til áskriftar innan verðbilsins fyrir samanlagt allt að 102 milljónir evra sem hornsteinsfjárfestar. Heildarfjárhæð skuldbindinganna nemur um 26,2-28,6% af heildarfjölda hluta í útboðinu og 3,4-3,7% af útistandandi hlutafé eftir útboðið. Skuldbinding til áskriftar frá hornsteinsfjárfestum er háð endanlegu útboðsgengi að hámarki 3,90 evrur á hlut og hefðbundnum skilyrðum.

## Almennt hlutafjárútboð á Íslandi

- Útboðstímabilið er frá kl. 7:00 (GMT) þann 29. maí 2019 til kl. 15:30 (GMT) þann 5. júní 2019.
- Lágmarksáskrift í útboðinu er að kaupverði 1.000 evrur.
- Allar áskriftir eru gerðar í evrum á útboðsgengi en allar greiðslur skulu fara fram í íslenskum krónum miðað við skráð gengi evru hjá Seðlabanka Íslands þann 6. júní 2019.
- Allir hlutir sem seldir verða í hlutafjárútboðinu verða gefnir út í evrum hjá Euroclear í Hollandi.
- Skilyrði fyrir þátttöku í útboðinu eru að hafa íslenska kennitölu og vera fjárráða.
- Fjárfestar hafa heimild til að breyta eða hætta við áskriftir sínar á áskriftartímabilinu, en áskrift er bindandi í lok áskriftartímabils almenna hlutafjárútboðsins.
- Tekið er við áskriftum á áskriftarvef útboðsins á útboðstímabilinu, **www.arionbanki.is/utbod-marel** **og www.landsbankinn.is/utbod/marel**

Í útboðinu er forgangsúthlutun til almennra fjárfesta. Úthlutun til almennra fjárfesta verður forgangsraðað þannig að hverjum fjárfesti verður úthlutað 1.350 (eða færri) hlutum sem fjárfestir hefur skráð sig fyrir. Ef heildarfjöldi hluta sem almennir fjárfestar skrá sig fyrir fer umfram 10% af samanlögðum heildarfjölda hluta sem boðnir eru til sölu í útboðinu, að því gefnu að valréttur til að mæta umframeftirspurn verði ekki nýttur að neinu leyti, kann forgangsúthlutunin til almennra fjárfesta að lækka pro rata þannig að almennum fjárfesti verði úthlutað fyrstu 1.350 (eða færri) hlutum sem hann hefur skráð sig fyrir. Almennum fjárfestum getur því verið úthlutað færri hlutum en 1.350 hlutum (eða færri) sem þeir skrá sig fyrir. Nákvæmur fjöldi hluta sem úthlutað verður til almennra fjárfesta mun ráðast eftir að útboðstímabilinu lýkur sem er áætlað 6. júní 2019.

## Upplýsingar og aðstoð við áskriftir í almennu hlutafjárútboði á Íslandi

Verðbréfaþjónusta Arion banka: s. 444 7000, marel-utbod@arionbanki.is kl. 9:00-16:00 alla virka daga
Verðbréfa- og lífeyrisráðgjöf Landsbankans: s. 410 4040, radgjofvl@landsbankinn.is kl. 9:15-16:00 alla virka daga

Nánari upplýsingar um Marel, hlutabréf í félaginu, áhættuþætti og skilmála hlutafjárútboðsins má finna í lýsingu Marel sem dagsett er 28. maí 2019. Lýsingin er eingöngu birt á ensku en samantekt lýsingarinnar hefur verið þýdd á íslensku. Í 12 mánuði frá birtingu lýsingarinnar má nálgast hana á vef Marel, **www.marel.com/listing/prospectus**, auk þess sem fjárfestar geta nálgast útprentuð eintök sér að kostnaðarlausu hjá Marel, Austurhrauni 9, 210 Garðabæ.

*ADVANCING FOOD PROCESSING*

marel.com

# Eflingarfólk ánægt með skilaboð SA um lífskjarasamning

**KJARAMÁL** „Við teljum það ánægjulegt að Samtök atvinnulífsins séu að senda þessi skilaboð til sinna aðildarfélaga. Þarna er að okkar mati verið að viðurkenna þau sjónarmið sem við höfum uppi í þessu máli og almennt,“ segir Viðar Þorsteinsson, framkvæmdastjóri Eflingar, um póst sem SA sendu aðildarfyrirtækjum sínum í gær.

Í póstinum, sem er undirritaður af formanni og framkvæmdastjóra SA, segir að með lífskjarasamningnum hafi sérstök áhersla verið lögð á kjarabætur til tekjulágra. Því sé mikilvægt að umsamdar hækkanir skili sér óskertar.

„Örfá dæmi eru um að launagreiðslur umfram lágmarkskjör kjarasamninga hafi verið skertar með beinni vísan til Lífskjarasamningsins. Það er mjög óheppileg tilvísun enda gengið út frá því að launaliðir samningsins kæmu óbreyttir til framkvæmda frá gildistöku samkvæmt efni þeirra,“ segir enn fremur í póstinum.

**Þarna er að okkar mati verið að viðurkenna þau sjónarmið sem við höfum uppi í þessu máli og almennt.**



Viðar Þorsteinsson, framkvæmdastjóri Eflingar

Viðar segir að skilaboðin séu þau að heiðra eigi samkomulagið í einu og öllu. Þar með talið það sem snýr að svokölluðum yfirborgunum eins og mál Capital Hotel snúist um. Ákveðnar lagahliðar þess máls séu enn í skoðun hjá lögmanni Eflingar.

„Við áttum okkur auðvitað á því að SA geta auðvitað ekki ábyrgst launagreiðslur umfram taxta á einstaka vinnustöðum. Það sem skiptir okkur máli eru hin almennu skilaboð og að það fari ekki að myndast einhver túlkun hjá atvinnurekendum að það sé sjálfsagðasti hlutur í heimi að ætla að fjármagna launahækkanir samningsins með því að afnema bara þær yfirborganir sem fyrir voru,“ segir Viðar. **- sar**

# Verði öðrum vonandi víti til varnaðar

## Landeigandi Reykjahlíðar kallar eftir því að yfirvöld breyti lagaumhverfi í kringum utanvegaakstur eftir að rússnesk samfélagsmiðlastjarna ók út á jarðhitasvæði. Viðvörunarbjöllur hringja hjá Umhverfisstofnun vegna málsins. Ráðherra talar um illvirki.

**UMHVERFISMÁL** Rússneska samfélagsmiðlastjarnan Alexander Tikhomirov greiddi sekt upp á 450 þúsund krónur fyrir brot á náttúruverndarlögum. Tikhomirov var gripinn við utanvegaakstur í grennd við Jarðböðin í Mývatnssveit í fyrradag og staðgreiddi sektina á lögreglustöðinni á Akureyri í gær. Alls voru fimm manns í jeppanum og þurfti dráttarbíl til að ná honum upp.

Sigurður Jónas Þorbergsson, einn landeigenda Reykjahlíðar, ók fram á bílinn sem sat fastur í leir fyrir utan veginn, en um er að ræða jarðhitasvæði. „Ég vona að þetta verði öðrum víti til varnaðar.“

Sektin rennur í ríkissjóð, landeigendurnir settu fram eigin kröfu, Sigurður Jónas vill ekki upplýsa á þessum tímapunkti hversu háa. „Ef sú krafa verður ekki tekin til greina þá erum við ekki sáttir,“ segir Sigurður Jónas. Hann kallar eftir því að yfirvöld breyti lagaumhverfinu. „Landeigendur geta ekki verið hlaupandi um með hrífur og skóflur á eftir einhverjum sem eru að leika sér að þessu. Þessir voru í einhverjum gjörningi, með GoPro-myndavélar og að stilla sér upp. Þetta hefur örugglega ekki átt að fara svona, þeir hafa bara vanmetið aðstæðurnar.“

Alexander Tikhomirov rekur fatamerkið Born to be ásamt því að vera samfélagsmiðlastjarna. Samkvæmt vefsíðu Born to be gengur lífsspeki hans út á að brjóta reglur og lifa án ótta og iðrunar. Tikhomirov gaf ekki færi á viðtali við vinnslu fréttarinnar. Í gær sendi rússneska sendiráðið á Íslandi frá sér tilkynningu þar sem Rússar á ferðalagi um landið eru hvattir til að virða íslensk lög og reglur.

Sá hluti utanvegaaksturs sem á sér stað inni á friðlýstum svæðum fer inn á borð Umhverfisstofnunar,



**Fimm manns voru um borð í jeppa Alexanders Tikhomirov sem ók út á jarðhitasvæði í nágrenni Mývatns. Tikhomirov greiddi sekt upp á 450 þúsund krónur fyrir brot sitt.** FRÉTTABLAÐIÐ/LÖGREGLUSTJÓRINN Á NORÐURLANDI EYSTRA

### Illvirki gegn náttúrunni gert af ásetningi

Guðmundur Ingi Guðbrandsson, umhverfis- og auðlindaráðherra, segir það sérstaklega dýrkeypt að hér hafi verið um samfélagsmiðlastjörnu að ræða. Ábyrgð þeirra sé mjög mikil varðandi það hvernig þær hegði sér sem gestir í öðru landi.

„Fyrir mér er þetta bara ákveðið illvirki gegn náttúrunni. Þetta virðist vera algjörlega af ásetningi og maður getur ekkert annað en fordæmt svona hegðun. Það eru ekki svona ferðamenn sem við þurfum á að halda til að auglýsa landið okkar,“ segir Guðmundur Ingi.

Hann segir að forvarnarstarf sem unnið sé af landvörðum hafi verið að skila árangri.

„Svona forvarnarstarf skiptir miklu máli en það eru alltaf þessir svörtu sauðir sem eru að eyðileggja fyrir hinum og valda þessum óásættanlegu skemmdum á náttúrunni.“

en í þessu tilfelli var ekið utan vega inni á eignarlandi. Björn Þorláksson, upplýsingafulltrúi Umhverfisstofnunar, segir þetta einstaka dæmi hringja viðvörunarbjöllum hjá stofnuninni.

„Það veldur okkur sérstökum áhyggjum þegar menn segja frá svona löguðu inni á samfélagsmiðlum án þess að bera það með sér að þeir skammist sín,“ segir Björn. „Þetta býður þeirri hættu heim að fólk api þetta eftir. Við höfum áhyggjur, sérstaklega þegar við sjáum, eins og í þessu tilfelli, fólk sem hefur úr nægum peningum að spila og getur jafnvel flokkað það

**Það veldur okkur sérstökum áhyggjum þegar menn segja frá svona löguðu inni á samfélagsmiðlum án þess að bera það með sér að þeir skammist sín.**



Björn Þorláksson, upplýsingafulltrúi Umhverfisstofnunar

sem markaðskostnað að greiða sekt.“

Björn ítrekar að langflestir ferðamenn umgangist náttúruna af virðingu. Þar að auki sé utanvegaakstur ekki einskorðaður við erlenda ferðamenn og í sumum tilfellum sé ekki um viljaverk að ræða, til dæmis þegar þunn snjóþekja hylur fjallavegi.

Nokkur dæmi um utanvegaakstur komu upp í fyrrasumar, þar á meðal var hópur franskra ferðamanna sektaður um 1,4 milljónir króna vegna skemmda eftir nokkra breytta jeppa við Jökulsárlón og á friðlandinu við Grafarlönd á Öskjuleið.

Aðspurður hvort skemmdirnar við Mývatn séu varanlegar segir Sigurður Jónas það eiga eftir að koma í ljós. „Þær verða varanlegar lengi ef ekkert verður gert í því. Einhvern tímann kemur kannski ísöld aftur, þá sléttist þetta út.“ **arib@frettabladid.is**






# Segist ekki hafa verið hluthafi í WOW

**VIÐSKIPTI** Björgólfur Thor Björgólfsson áréttar í yfirlýsingu sem hann birti í gær að hann hafi aldrei verið hluthafi í flugfélaginu WOW eins og haldið sé fram í nýútkominni bók Stefáns Einars Stefánssonar um ris og fall félagsins.

Björgólfur segir að eina aðkoma sín að WOW hafi verið sú að hann hafi síðastliðið haust keypt skuldabréf í félaginu fyrir 3 milljónir evra. Um hafi verið að ræða persónulegan greiða við vin sinn Skúla Mogensen.

„Hvorki ég né nokkrir á mínum vegum tóku nokkurn tímann þátt í þeim viðræðum sem WOW átti við mögulega nýja fjárfesta,“ segir í yfirlýsingunni.

Þá hafi hvorki hann né nokkur á hans vegum setið í kröfuhafaráði WOW. Hann hafi hins vegar samþykkt tillögurnar sem lagðar voru fyrir skuldabréfaeigendur um hugsanlega breytingu krafna í hlutafé.

Sú staðreynd að hann hafi lýst kröfu í þrotabú WOW staðfesti að



**Björgólfur Thor Björgólfsson sendi frá sér yfirlýsingu þar sem var áréttað að hann hafi aldrei verið hluthafi í flugfélaginu WOW.** FRÉTTABLAÐIÐ/VILHELM

hann hafi ekki verið hluthafi í félaginu.

Björgólfur segir missi að WOW og leitt að ekki hafi tekist að koma félaginu fyrir vind.

„Ég leyfi mér þó að vona að umfjöllun um málefni félagsins verði rétt og sanngjörn og að rangfærslur, á borð við þá að ég hafi verið hluthafi í WOW eða átt einhverja aðkomu þar aðra en kaup á skuldabréfum sl. haust, heyri sögunni til,“ segir í niðurlagi tilkynningarinnar. **- sar**

MIÐNÆTURHLAUP
SUZUKI




MIÐNÆTURHLAUP SUZUKI FER FRAM Í LAUGARDALNUM, FIMMTUDAGSKVÖLDIÐ 20. JÚNÍ 2019.

- FRÍTT Í SUND FYRIR ALLA ÞÁTTAKENDUR
- POWERADE DRYKKJARSTÖÐVAR
- GLÆSILEG VERÐLAUN
- VEGALENGDIR VIÐ ALLRA HÆFI
- TILVALIÐ FYRIR FJÖLSKYLDUR OG VINAHÓPA

**SKRÁÐU ÞIG Á MIÐNÆTURHLAUP.IS**



SUZUKI ER STOLTUR SAMSTARFSAÐILI MIÐNÆTURHLAUPS SUZUKI

# Komu Trump til Bretlands mótmælt í stærstu borgum landsins

**BRETLAND** Donald Trump Bandaríkjaforseti kom í gær í opinbera heimsókn til Bretlands ásamt Melaniu eiginkonu sinni. Þau heimsóttu meðal annars Buckingham höll þar sem þau hittu meðal annars Elísabetu drottningu.

Trump sagði á Twitter frá því að konungsfjölskyldan væri frábær og sagði samband ríkjanna tveggja mjög gott. Þá sagði hann að stór viðskiptasamningur væri mögulegur þegar Bretland hefði kastað af sér hlekkjunum, og átti þar við útgöngu Breta úr ESB.

Mótmæli hafa verið boðuð víða í Bretlandi í tilefni þriggja daga heimsóknar Bandaríkjaforseta. Þannig hafa meðal annars verið boðuð mótmæli í Lundúnum, Manchester, Belfast og Birmingham.



Trump hjónin hittu Karl Bretaprins og Camillu Parker. FRÉTTABLAÐIÐ/EPA

Jeremy Corbyn, leiðtogi Verkamannaflokksins, ákvað að sniðganga opinberan kvöldverð með Trump. Þess í stað verður Corbyn meðal ræðumanna á mótmælafundi í Lundúnum.

Corbyn sagði að þátttaka í mótmælafundinum væri tækifæri til að sýna samstöðu með öllum þeim sem Trump hefði ráðist á í Bandaríkjunum og öllum heiminum. Vísaði hann sérstaklega til ummæla Trumps um Sadiq Khan, borgarstjóra Lundúna.

Khan hafði sagt að Bretar ættu ekki að rúlla út rauða dreglinum fyrir Trump. Forsetinn brást við með því að segja að Khan hefði staðið sig hræðilega í embætti og ætti frekar að einbeita sér að því að uppræta glæpi í borginni en að tala illa um mikilvægasta bandamann Breta.

Í dag hittir Trump Theresu May forsætisráðherra í Downingstræti en búist er við því að þau ræði meðal annars loftslagsbreytingar og málefni kínverska tæknirisans Huawei. **- sar**



Háskólinn á Akureyri. FRÉTTABLAÐIÐ/PJETUR

## Færri umsóknir en í fyrra

**MENNTAMÁL** Umsóknir í háskólanám við Háskólann á Akureyri eru eilítið færri en árið á undan. Umsóknarfrestur í flesta háskóla landsins rennur út á morgun. Fyrstu þriggja ára árgangar framhaldsskóla útskrifuðust í fyrra, nú í vor útskrifast síðustu tveir fjögurra ára árgangarnir.

„Sprengingin kom í fyrra, þá fengum við inn stærsta umsóknarárgang sem við höfum séð,“ segir Katrín Árnadóttir, forstöðumaður markaðs- og kynningarmála við Háskólann á Akureyri. „Nú í ár erum við á svipuðu róli og á sama tíma í fyrra. Aðeins færri, en þó mun fleiri en árið 2017.“

**Nú í ár erum við á svipuðu róli og á sama tíma í fyrra.**

Katrín Árnadóttir



Í ár greip HA til þess ráðs að vera með aðgangstakmarkanir. „Við getum ekki tekið við alveg endalaust af fólki. Í viðskiptafræðideild breyttum við æskilegum undanförum í nauðsynlega. En stúdentspróf hafa algeran forgang,“ segir Katrín. Allir sem uppfylla inntökuskilyrði í nám í hjúkrunar-, sál- og lögreglufræði geta hafið nám en aðeins þeir sem komast í gegnum samkeppnispróf (klásus) geta haldið áfram á vormisseri. **- ab**

# Túristar fái sér kennitölu fyrir ókeypis útsýni úr Perlunni

Aðgangsgjald að útsýnispalli Perlunnar hækkað um rúm 80 prósent. Meðlimir í vildarklúbbi Perlunnar fá frítt. Þarf íslenska kennitölu til að skrá sig. Forstjórinn hafnar því að verið sé að mismuna erlendum ferðamönnum. Gjaldið sé lágt miðað við aðra útsýnisstaði en alltaf hafi staðið til að hækka gjaldið.

**NEYTENDUR** Gunnar Gunnarsson, forstjóri Perlu norðursins leigutaka Perlunnar, hafnar því að verið sé að gera upp á milli Íslendinga og erlendra ferðamanna með vildarvinaklúbbi Perlunnar. Íslenska kennitölu þarf til að skrá sig í klúbbinn og fá þannig meðal annars ókeypis aðgang að útsýnispalli Perlunnar.

Aðgangsgjaldið þar hækkaði nýverið um rúm 80 prósent og hefur sætt gagnrýni. Gunnar segir klúbbakjör sem þessi tíðkast víða og ekkert standi í vegi fyrir því að erlendir ferðamenn verði sér úti um íslenska kennitölu.

Ríkisútvarpið fjallaði í gær um gagnrýni á hækkunina, úr 490 í 890 krónur, sem kom fram í Facebookhópnum Bakland ferðaþjónustunnar. Breki Karlsson, formaður Neytendasamtakanna, gagnrýnir hækkunina í samtali við Fréttablaðið. „Svona hækkanir eru annars algjörlega úr takti og maður geldur varhuga við þeim.“

Gunnar segir hins vegar að alltaf hafi staðið til að hækka gjaldið, enda leigutakinn í fullum rétti til þess. Það hafi átt að gera í maí í fyrra en því frestað vegna eldsvoðans í apríl sama ár.

Hann segir útsýnispallana órjúfanlegan þátt í sýningunni „Undur íslenskrar náttúru“ þar sem sett hefur verið upp steinasafn úr fjallahringnum sem gestir geti snert. Þá hafi upplýsingaskilti verið sett upp sem segja frá því hvað fyrir augum ber. Útsýnisverð Perlunnar sé sömuleiðis ekki hátt í samanburði við útsýnisstaði annarra borga. Þúsund krónur kosti í Hallgrímskirkjuturn. Í Holmenkollen í Ósló kosti 1.970 krónur, í Eiffel-turninn kosti 3.500 krónur og Empire State-turninn í New York 4.500 krónur svo fátt eitt sé nefnt.



Perlan hefur gengist undir endurnýjun lífdaga og fær hátt í milljón gesti á ári. Útsýnispallurinn er vinsæll viðkomustaður en verðhækkun nýverið fór illa í einhverja. Aðgangsgjaldið hækkaði um rúm 80 prósent. FRÉTTABLAÐIÐ/ERNIR

**Til að virkja kortið þarf að vera með íslenska kennitölu.**

Gunnar Gunnarsson, forstjóri Perlu Norðursins



Reglulega hefur komið upp umræðan um sérstök „Íslendingaverð“ í ferðaþjónustu þar sem Íslendingar fá afslátt á meðan erlendir ferðamenn greiði hærra verð. Var Bláa lónið meðal annars gagnrýnt fyrir slíkt fyrir nokkrum árum en mismunun eftir þjóðerni er brot á reglum EES. Í Perlunni mun meðlimum vildarvinaklúbbs Perlunnar standa til boða að fá ókeypis aðgang að útsýnispallinum. Aðspurður hafnar Gunnar því að um sé að ræða mismunun.

„Vildarvinakort Perlunnar er fríðindaklúbbur eins og aðrir fríðindaklúbbar á Íslandi. Allir geta sótt um að verða vildarvinir Perlunnar, útlendingar sem Íslendingar. Til að virkja kortið þarf að vera með íslenska kennitölu.“

**mikael@frettabladid.is**


## Til leigu Gistiheimili

Staðsett miðsvæðis í Reykjavík, næg bílastæði .
Um er að ræða 18 mjög stór herb. tvö eldhús,
sex sturtur, sex salerni og tvö þvottaherb.
Er á tveimur hæðum og lyfta er í húsinu.
Allt nýtt og til afhendingar strax.

**Upplýsingar veitir Jóhannes í s. 897-2025 og á js@atak.is**


# Forsætisráðherra Ítalíu hótar afsögn

**ÍTALÍA** Giuseppe Conte, forsætisráðherra Ítalíu, hótaði afsögn sinni í gær ef samstarfsflokkar hans tveir, Norðurbandalagið og Fimm stjörnu hreyfingin, hættu ekki endalausum deilum sín í milli. Ef flokkarnir létu ekki af þessari hegðun yrði boðað til nýrra kosninga.

Conte boðaði til fréttamannafundar þar sem hann setti samstarfsflokknum þessa úrslitakosti. Matteo Salvini, leiðtogi Norðurbandalagsins, og Luigi Di Maio, leiðtogi Fimm stjörnu hreyfingarinnar, brugðust hratt við og lýstu yfir fullum stuðningi við ríkisstjórnina. Báðir neituðu þeir þó að taka á sig sökina á ástandinu.

Flokkarnir tveir hafa meðal annars deilt um innviðauppbyggingu, innflytjendamál og jafnvel hverjum ætti að kenna um nýlegt slys í Feneyjahöfn þegar skemmtiferðaskipi hlekktist þar á.

Deilurnar mögnuðust eftir Evrópuþingskosningarnar í síðasta mánuði. Þar fékk Norðurbandalagið 34 prósent atkvæða og tók fram úr Fimm stjörnu bandalaginu.

Ríkisstjórnin glímir við efnahagserfiðleika og gæti átt yfir höfði sér viðurlög frá ESB vegna brota á fjármálareglum sambandsins. Forsætisráðherrann segir að slíkt yrði mjög skaðlegt en hann telur að breyta þurfi reglum ESB. **- sar**



Giuseppe Conte, forsætisráðherra Ítalíu




Birt með fyrirvara um innsláttarvillur og verðbreytingar.
Myndir af bílum geta verið með búnaði sem er ekki inni í verði.

## Fáðu meira út úr sumrinu á jeppa frá Volkswagen á súper verði!

Hjá HEKLU finnur þú úrval af Volkswagen jeppum sem henta öllum fjölskyldustærðum. Í sumar bjóðum við valda bíla á súperverði. Fylgstu með í sýningarsal nýrra bíla, **www.hekla.is/superverd**, þar sem súperverð dettur reglulega inn. Nærð þú að tryggja þér bíl á súperverði?

Sýningarsalurinn okkar á netinu er opinn allan sólarhringinn. Skoðaðu úrvalið!
**www.hekla.is/volkswagensalur**



**Touareg** Offroad
Leðuráklæði, loftpúðafjöðrun, dráttarbeisli
DÆMI UM SÚPERVERÐ!
**9.850.000 kr.**



**Tiguan** Trendline
Dráttarbeisli, dökkar rúður, bakkmyndavél
DÆMI UM SÚPERVERÐ!
**5.990.000 kr.**



**T-Roc** Style
Fjarlægðartengdur hraðastillir, bakkmyndavél
DÆMI UM SÚPERVERÐ!
**3.990.000 kr.**



**Amarok** Highline
3.0 V6 TDI, sjálfskiptur, dráttarbeisli
DÆMI UM SÚPERVERÐ!
**7.670.000 kr.**

**Volkswagen**

**www.volkswagen.is**

**HEKLA** · Laugavegi 170-174 · Reykjavík · Sími 590 5000 · hekla.is
Höldur Akureyri · Bílasala Selfoss · Bílás Akranesi · HEKLA Reykjanesbæ · BVA Egilsstöðum





# Þungt yfir þingheimi

Það var nokkuð þungt yfir þingmönnum við upphaf þingfundar í gær. Anton Brink, ljósmyndari Fréttablaðsins, leit við og tók þessar myndir. Eins og greint er frá í Fréttablaðinu í dag stefnir í að þingmenn þurfi að bíða eitthvað lengur eftir því að komast í sumarfrí þetta árið, eins og oft áður.









FRÉTTABLAÐIÐ

# SKOÐUN

# Dýr skiptimynt



Sighvatur Arnmundsson
sighvatur@frettabladid.is

Það fer að verða árviss viðburður á vorin að störf Alþingis komist í uppnám. Staðan núna er raunar óvenju slæm sökum fordæmalauss málþófs mikils minnihluta þingmanna. Tíminn á þingi hefur þess vegna nýst afar illa undanfarnar vikur. Það stefnir því enn einu sinni í það að fjöldi frumvarpa og þingsályktunartillaga verði afgreidd með hraði á lokasprettinum. Starfsáætlun hefur fyrir löngu fallið úr gildi enda átti þingi samkvæmt henni að ljúka á morgun. Þingmönnum er auðvitað engin vorkunn að því að þurfa að vinna eitthvað inn í sumarið eins og aðrir landsmenn. Það er hins vegar ekkert lögmál að staðan þurfi að vera svona hvert einasta vor. Allt of oft koma stór mál frá ríkisstjórnum seint inn í þingið. Með því að bæta úr því væri hægt að dreifa álaginu og vinnunni mun betur yfir árið. Margir nýir þingmenn hafa það á orði að skipulagsleysið í þingstörfunum komi á óvart. Dagskrá þingfunda er oft ákveðin með stuttum fyrirvara sem kemur niður á umræðunum.

Sú málþófshefð sem hefur illu heilli skapast hér og fest í sessi er að mörgu leyti afleiðing of mikils meirihlutaræðis. Stjórnarandstaðan á hverjum tíma hefur ekki mörg vopn í hendi ætli meirihlutinn sér að keyra umdeild mál í gegn á stuttum tíma. Í þeim tilvikum gæti málþóf verið réttlætanlegt upp að einhverju marki. Slíkar aðstæður eru hins vegar ekki uppi varðandi þriðja orkupakkann. Það er mál sem um það bil fimm af hverjum sex þingmönnum vilja afgreiða á þessu þingi og hefur legið fyrir lengi. Eins og mál hafa þróast hér frá því eftir hrun hefur tilgangurinn oft helgað meðalið þegar málþófi hefur verið beitt. Íslenskir stjórnmálamenn hafa á undanförnum árum hvorki sýnt næga ábyrgð né þroska þegar kemur að beitingu málþófs. Þess vegna er full ástæða til þess að meirihlutinn nýti sér ákvæði þingskapa og stöðvi umræðuna um þriðja orkupakkann. Hingað til hefur enginn viljað stíga það skref af ótta við fordæmið. Fordæmalausar aðstæður réttlæta hins vegar fordæmalausar lausnir. Varla vill meirihlutinn áskilja sér rétt til að taka upp vinnubrögð Miðflokksins ef hann vildi einhvern tímann stoppa eitthvað mál.

Traust almennings á Alþingi hefur verið afar lítið allt frá hruni og vex ekki þessa dagana. Tugir mikilvægra mála bíða enn afgreiðslu. Þar er meðal annars að finna breytingar á fjármálaáætlun, fjölmiðlafrumvarp, frumvarp um innflutning á fersku kjöti og sameiningu Seðlabankans og Fjármálaeftirlitsins. Allt eru þetta stór mál sem auk fleiri mála krefjast umræðu. Hættan er sú að einhver mikilvæg mál verði notuð sem skiptimynt í samningaviðræðum um þinglok og önnur verði afgreidd í of miklum flýti. Löggjafarvaldinu fylgir mikil ábyrgð og það fer ekki vel á því að svona vinnubrögð séu orðin venjan. Þessi óþarfa asi hlýtur að koma niður á gæðum lagasetningarinnar.

**Hingað til hefur enginn viljað stíga það skref af ótta við fordæmið. Fordæmalausar aðstæður réttlæta hins vegar fordæmalausar lausnir.**




Halldór




## Frá degi til dags

**Horft til dómsmála**
**Þann 13. mars síðastliðinn hætti Sigríður Á. Andersen sem dómsmálaráðherra þjóðarinnar. Sagðist hún á þeim tíma ætla að stíga til hliðar um stundarsakir meðan „unnið er úr stöðunni“, eins og hún orðaði það. Síðan hefur ekki mikið heyrst af ráðherrakapli Bjarna Benediktssonar og ekki ljóst hvort kapallinn er genginn upp eður ei. Hvort Sigríður komi aftur sem ráðherra verður að koma í ljós. Hins vegar hefur heyrst úr Valhöll að Sigríður vilji ólm komast aftur í ráðuneytið.**

**Sigríður sýnir á spilin**
**Fleiri eru þó innan Sjálfstæðisflokksins sem vilja komast í stólinn. Á meðan þessi staða er uppi eru vonbiðlarnir þægir og stilltir og vilja ekki rugga bátnum um of innan flokksins. Sigríður er hins vegar ekki alveg á þeim buxunum að margra mati. Síðan hún hætti sem ráðherra hefur hún hins vegar sýnt á sín spil þó að Bjarni haldi sinni hönd þétt að sér. Sigríður hefur nefnilega tekið þátt í þremur atkvæðagreiðslum síðan hún hætti. Þar hefur hún sagt nei við að banna plastpoka og hafnað auknum réttindum til kvenna og fatlaðra. Hressandi sýn fyrrverandi dómsmálaráðherra það.**

**sveinn@frettabladid.is**

# Samvinnuverkefni



Lilja Alfreðsdóttir
Mennta- og menningarmálaráðherra

Nýverið samþykkti ríkisstjórnin að veita 45 milljónum kr. til aðgerðaáætlunar til að efla menntaúrræði á Suðurnesjum. Aðgerðirnar eru liður í viðbrögðum stjórnvalda við gjaldþroti Wow air í lok mars. Með menntun stuðlum við að framþróun og uppbyggingu og þegar mæta þarf áskorunum af þessu tagi horfum við sérstaklega til aðgerða sem skapað geta tækifæri til framtíðar.

Í byrjun apríl fundaði ég með fulltrúum fræðsluaðila og íbúum Suðurnesja og í kjölfarið var stofnaður starfshópur um málið innan ráðuneytisins. Hlutverk hans var að móta aðgerðaáætlun sem byggir á sýn heimamanna og stjórnvalda ásamt því að vakta og miðla upplýsingum um stöðu og þróun mála, með sérstakri áherslu á greiningu á aðstæðum þeirra hópa sem verst standa. Markmið aðgerðanna er meðal annars að aðgengi að námi á öllum skólastigum sé tryggt, að þjónusta við fólk með annað móðurmál en íslensku sé tryggð og að ekki verði fall í þátttöku barna og ungmenna í frístunda- og íþróttastarfi eða tónlistarnámi. Þá er sérstök áhersla á að fyrirbyggja athafnaleysi yfir sumarmánuðina m.a. með sumarstarfsemi menntastofnana á svæðinu.

Gott samráð er við fræðsluaðila á svæðinu, svo sem Fjölbrautaskóla Suðurnesja, Miðstöð símenntunar á Suðurnesjum og Keili, svo og Vinnumálastofnun. Teknar hafa verið saman hugmyndir þeirra sem nýst geta ólíkum hópum á svæðinu. Í fyrri hluta áætlunarinnar verður meðal annars áhersla á íþrótta- og æskulýðsstarf , raunfærnimat með náms- og starfsráðgjöf og styttri námslínur og námskeið.

Það er fjölbreytt námsframboð á Suðurnesjum og fræðsluaðilar þar vinna frábært starf, við það viljum við styðja. Þar hefur orðið umtalsverð fólksfjölgun á síðustu árum og því er mikilvægt að innviðir geti tekið við þeim sem vilja stunda nám – til þess horfum við meðal annars með fyrirhugaðri stækkun á húsakynnum Fjölbrautaskóla Suðurnesja. Forsenda velferðar og lífsgæða á Íslandi er öflugt og fjölbreytt atvinnulíf þar sem til staðar eru störf fyrir menntað fólk sem stuðlar að nýsköpun og þróun. Það er samvinnuverkefni okkar að skapa slíkar aðstæður.

**Markmið aðgerðanna er meðal annars að aðgengi að námi á öllum skólastigum sé tryggt.**

FRÉTTABLAÐIÐ
**ÚTGÁFUFÉLAG:** Torg ehf. **STJÓRNARFORMAÐUR:** Einar Þór Sverrisson **FORSTJÓRI:** Ingibjörg Stefanía Pálmadóttir **ÚTGEFANDI:** Kristín Þorsteinsdóttir *kristin@frettabladid.is*
**RITSTJÓRAR:** Davíð Stefánsson *david@frettabladid.is*, Ólöf Skaftadóttir *olof@frettabladid.is*, **MARKAÐURINN:** Hörður Ægisson *hordur@frettabladid.is* **FRÉTTABLAÐIÐ.IS:** Sunna Karen Sigurþórsdóttir *sunnak@frettabladid.is*.
Fréttablaðið kemur út í 85.000 eintökum og er dreift ókeypis á heimili á höfuðborgarsvæðinu og Akureyri. Einnig er hægt að fá blaðið í völdum verslunum á landsbyggðinni. Fréttablaðið áskilur sér rétt til að birta allt efni blaðsins í stafrænu formi og í gagnabönkum án endurgjalds. ISSN 1670-3871 **FRÉTTABLAÐIÐ Kalkofnsvegur 2, 101 Reykjavík Sími: 550 5000,** *ritstjorn@frettabladid.is* **HELGARBLAÐ:** Kristjana Björg Guðbrandsdóttir *kristjanabjorg@frettabladid.is*
**MENNING:** Kolbrún Bergþórsdóttir *kolbrunb@frettabladid.is* **LJÓSMYNDIR:** Anton Brink *anton@frettabladid.is* **FRAMLEIÐSLUSTJÓRI:** Sæmundur Freyr Árnason *sfa@frettabladid.is*

# Tillögur um úrræði



Jón Sigurðsson

Meðal margra Íslendinga gætir um þessar mundir tortryggni, efa og andstöðu gegn þeirri fjölþjóðlegu samfélags- og viðskiptaþróun sem orðin er. Þessa sama gætir víðar, eins og fregnir sýna t.d. frá Bandaríkjunum, Bretlandi, Póllandi, Ungverjalandi og Norðurlöndum.

Sá sem þetta ritar fylgir opnunarstefnu, aukinni fjölþjóðasamvinnu og viðskiptum í anda samþættingar, sjálfbærni og samkeppnishæfni. Áfangi í þeirri viðleitni var þátttaka í samþykkt flokksþings Framsóknarmanna 2009 um aðildarviðræður að Evrópusambandinu. Þá voru sett níu umfangsmikil aðalskilyrði til að tryggja réttindi, hagsmuni og sérstöðu Íslendinga. Nauðsynlegt er að setja málefnaleg skilyrði og tryggja þjóðarhag, sérstöðu og þjóðerni.

En við eigum að virða tortryggni og efasemdir manna og mæta þeim. Mikilvægt er að sem mest samstaða sé í afstöðu til fjölþjóðasamskipta og utanríkismála. Slíkt er hagsmunamál þjóðarinnar allrar. Öðrum kosti aukast illdeilur og efi verður andúð, en sundrung getur vegið að sjálfstæði þjóðarinnar.

Hér skulu nokkur úrræði nefnd:

- Að fyrirvarar við 3. orkupakka Evrópusambandsins fari, eftir samþykkt Alþingis, fyrir sameiginlegu EES-nefndina til staðfestingar, og taki 3. pakkinn fyrst gildi fyrir Ísland eftir að slík staðfesting liggur fyrir. Þetta er rökstutt með vægi orkulinda og orkunýtingar sem grunnforsendu byggðar í landinu. Orð sérfræðinga hníga að því að ekki sé varanlegt hald í öðrum staðfestingum.
- Að innflutningur á ófrystu kjöti, eggjum o.fl. verði því aðeins heimilaður að fullkomnar vottanir með jákvæðri niðurstöðu liggi fyrir um allan framleiðsluferilinn ásamt viðurkenningu framleiðenda og úrvinnslu, og sérstaklega verði heimilt að taka vörusendingar til skoðunar til að framfylgja þessu. Þetta er rökstutt með smithættu og sem forsenda fyrir heilsuvernd búfjárstofna og fjölbreytni í lífríki.
- Að lögfestar verði beinar hömlur við fjöldauppkaupum sama einkaaðila eða tengdra aðila, hvort sem eru Íslendingar eða útlendir, á jarðeignum, lóðum og fasteignum. Sams konar ákvæði verði síðan lögfest um vatnsréttindi, veiðiár, hitaréttindi og önnur hlunnindi. Þetta er rökstutt með tilvísun til fámennis í landinu, samheldni og byggðarfestu og mikilvægis auðlindanna.
- Að lögfest verði skylda atvinnurekenda til að veita útlendu starfsfólki við afgreiðslustörf námsaðstöðu til að það geti annast nauðsynleg tjáskipti á íslensku. Síðan verði gert átak til að styrkja aðstöðu og tækifæri innflytjenda og erlendra starfsmanna til að ná tökum á íslensku máli og ná rétti sínum hér á landi.
- Að stjórnvöld menningarmála komi því til leiðar að vandaður og skýr framburður íslenskrar tungu, hófsamleg málvöndun og virðing fyrir málhefðum íslenskunnar verði virk stefnumið í fjölmiðlum og þá einkum Ríkisútvarpinu, sjónvarpi og hljóðvarpi. Þessu verði framfylgt af hyggindum og festu.
- Að stjórnmálaflokkar og hagsmunasamtök taki reynsluna af öllum þessum fjölþjóðlegu samskiptum til víðtækrar umræðu, upplýsingaöflunar og miðlunar. Það er mikilvægt fyrir þjóðina að taka stöðu, kanna hagsmuni og rök og rýna fram á veginn.

# Eitt fyrsta landið í heimi



Ágúst Ólafur Ágústsson,
þingmaður Samfylkingarinnar.

Alþingi hefur nú tekið sögulegt skref um að samning Sameinuðu þjóðanna um réttindi fatlaðs fólks beri að lögfesta. Með lögfestingunni verður Ísland eitt fyrsta landið í heimi til að lögfesta samninginn og mun það stórbæta réttindi fatlaðs fólks og öryrkja á Íslandi.

Í íslenskri lagatúlkun þarf að lögfesta alþjóðlega samninga ef þeir eiga að hafa bein réttaráhrif. Þess vegna skiptir miklu máli að átta sig á muninum á lögfestingu alþjóðasamnings og fullgildingu. Samkvæmt íslenskri réttarskipan er ekki hægt að beita samningnum með beinum hætti fyrir íslenskum dómstólum, eins og hægt er að gera með almenn lög, nema samningurinn hafi verið lögfestur. Stangist ákvæði alþjóðasamnings, sem hefur einungis verið fullgiltur eins og hér hefur verið gert, við íslensk lög víkja ákvæði samningsins.

Í nýlegum Hæstaréttardómi er sérstaklega nefnt að þar sem Ísland hafi einungis „fullgilt“ samning SÞ um réttindi fatlaðs fólks en ekki „lögleitt“ samninginn gætu dómkröfur í málinu ekki náð fram að ganga á grundvelli ákvæða þess samnings. Að sjálfsögðu hafa mannréttindasáttmálar sem Ísland hefur fullgilt áhrif á lagatúlkun.

Fyrsta þingmálið mitt sem ég lagði fram á Alþingi eftir að ég settist aftur á Alþingi fyrir tveimur árum var að samning Sameinuðu þjóðanna um réttindi fatlaðs fólks ætti að lögfesta. Það vill svo til að síðasta þingmál sem ég lagði fram áður en ég hætti á þingi 2009 og fékk samþykkt á Alþingi var að Barnasáttmála Sameinuðu þjóðanna bæri að lögfesta. Ísland var einnig eitt fyrsta landið í heimi til að lögfesta hann.

Við höfum í raun einungis lögfest þrjá meginalþjóðasamninga og eru það Barnasáttmáli Sameinuðu þjóðanna, Mannréttindasáttmáli Evrópu og EES-samningurinn. Nú verður samningur Sameinuðu þjóðanna um réttindi fatlaðs fólks settur á þennan stall.




## HVAÐ Á HÚSIÐ AÐ HEITA?

Rafiðnaðarsamband Íslands, Samiðn – Samband iðnfélaga, Félag iðn- og tæknigreina, Byggiðn – Félag byggingamanna, MATVÍS og GRAFÍA stéttarfélag hafa ákveðið að vinna náið saman að baráttumálum iðnaðarmanna. Því eru þessi félög að flytja í eitt hús á Stórhöfða 31. Markmiðið með því að vera saman í húsnæði er að samþætta starfsemi félaganna með bættri þjónustu til hagsbóta fyrir félagsmenn sína.

Okkur vantar heiti á húsið eða „samstarfið“. Því leitum við til félagsmanna þessara félaga um hugmyndir.
Heitið þarf að vera lýsandi, félögin eiga að geta notað það á sameiginlega viðburði og geta kennt sig við að vera eitt af þessum félögum.

Frestur til að skila inn tillögum er til 14. júní 2019. Tillögum skal skilað til RSÍ merkt „**nafn**“ í umslagi þar sem nafn höfundar er í lokuðu umslagi með tillögunni. Einnig er hægt að senda tillögur í tölvupósti á sigrun@rafis.is. Nafni höfundar verður haldið leyndu fyrir dómnefnd.

Verðlaun að upphæð kr. 100.000,- verða veitt fyrir tillöguna sem verður valin. Dómnefnd mun fara yfir tillögur og velja eina úr. Dómnefnd áskilur sér rétt að hafna öllum tillögum.

**Rafiðnaðarsamband Íslands, b.t. Sigrún Sigurðardóttir,**
**Stórhöfða 31, 110 Reykjavík**
**Merkt: Nafn**

MATVÍS GRAFÍA FIT FÉLAG IÐN- OG TÆKNIGREINA RAFIÐNAÐARSAMBAND ÍSLAND BYGGIÐN Félag byggingamanna Samiðn

# Forréttindi að lifa fyrir fótbolta



**Gunnleifur V. Gunnleifsson, markvörður og fyrirliði karlaliðs Breiðabliks í knattspyrnu, varð um helgina leikjahæsti leikmaðurinn sem leikið hefur í deildakeppni í knattspyrnu.**

**FÓTBOLTI** Gunnleifur setti metið þegar hann stóð á milli stanganna í sannfærandi sigri Breiðabliks gegn FH í sjöundu umferð Pepsi Max-deildarinnar en sigurinn fleytti Blikum á topp deildarinnar nú þegar um það bil tveggja vikna hlé verður gert á deildinni vegna landsleikja.

Gunnleifur, sem fagnar 44 ára afmæli sínu síðar í sumar, lék þá sinn 424. leik á Íslandsmóti í meistaraflokki og sló met Hornfirðingsins Gunnars Inga Valgeirssonar.

Gunnleifur og Gunnar Ingi eru í fámennum hópi leikmanna sem hafa spilað meira en 400 deildarleiki hér heima en þar er einnig Siglfirðingurinn Mark Duffeld.

**Ferillinn spannar 25 ár**

Gunnleifur lék sinn fyrsta deildarleik með HK árið 1994 og því er þetta 25. keppnistímabil hans í meistaraflokki. Ásamt því að leika með Breiðabliki og HK hefur Gunnleifur leikið með KR, Keflavík, HK og FH í efstu deild. Þá á hann leiki með KVA á Reyðarfirði og Eskifirði. Gunnleifur spilaði svo erlendis í nokkra mánuði þegar hann léki með Vaduz frá Liechtenstein í efstu deild í Sviss árið 2009.

„Ég vissi af því að ég myndi setja met með því að spila þennan leik og var því svona aðeins auka mótiveraður fyrir að vinna. Það var frábært að ná þessum áfanga og gott að þessi tímamótaleikur var sigurleikur. Þessi leikur var hins vegar bara eins og hver annar og ég hef bara þá reglu að leyfa hverjum leik fyrir sig að eiga sitt líf. Ég verð jafn kvíðinn í aðdraganda hvers leiks og jafn feginn þegar honum lýkur og niðurstaðan er jákvæð,“ segir Gunnleifur í samtali við Fréttablaðið um þennan merka leik á leikmannaferli hans.

**Áhugaverður tími fyrir austan**

„Þegar ég spilaði minn fyrsta leik fyrir HK þá var ég ekkert að pæla í því hvort ég myndi spila til þrítugs eða fertugs og ég hef alltaf bara tekið einn leik fyrir í einu og eitt tímabil í einu. Ég hef blessunarlega aldrei lent í neinum langtíma meiðslum. Annars værum við líklega ekki að ræða þetta met núna. Ég hef hins vegar margsinnis spilað þrátt fyrir meiðsli og leikið verkjaður. Það er munur á að vera meiddur og óleikfær og finna einhvers staðar til. Ég hef spilað fingurbrotinn og í gegnum sárskauka,“ segir þessi frábæri markvörður.

**Fólk stundum með aldurinn á heilanum**

„Það pirrar mig oft þegar fólk hefur aldur minn á heilanum og ég get alveg viðurkennt að það fer í taugarnar á mér að þurfa að svara á hverju hausti hvort að ég ætli að halda áfram. Ég hef hins vegar mjög gaman af því að fara í gegnum ferilinn og rifja upp þær fjölmörgu góðu minningar sem ég á úr boltanum. Sem dæmi fá nefna sumarið sem að ég spilaði fyrir austan. Það var erfitt fyrir tvítugt borgarbarn að flytja austur á stað þar sem voru engar ljósastofur og venjast sveitalífinu. Það var hins vegar mjög þroskandi og skemmtilegur tími,“ segir hann.

„Ég hef þróast mjög sem markmaður og þrátt fyrir að ég geti enn sýnt góða fótavinnu og tekið vörslur þar sem ég þarf að skutla mér og sýna snögg viðbrögð þá er ég orðinn betri í að stýra leiknum þannig að ég hafi minna að gera. Ég er orðinn mun betri í að stýra varnarlínunni fyrir framan mig og haga hlutum þannig að ég þurfi sjaldnar að taka á honum stóra mínum. Það gefur mér svo mikið að vera fótboltapabbi og þjálfa unga og efnilega markverði í Breiðablik.

Eiginkona mín er svo fyrrverandi knattspyrnukona og ég er einnig að vinna við að tala um fótbolta í sjónvarpi. Lífið snýst því algjörlega um fótbolta sem eru algjör forréttindi,“ segir Gunnleifur sem hefur greinilega brennandi ástríðu fyrir fóbolta.

hjorvaro@frettabladid.is

**Ferill Gunnleifs**

- **1994** Gunnleifur leikur sinn fyrsta leik fyrir HK
- **1998 - 1999** Spilar með KR og er hluti af Íslandsmeistaraliðinu árið 1999
- **2000 - 2001** Leikur með Keflavík
- **2000** Lék sinn fyrsta A-landsleik
- **2007** Fyrsti leikur Gunnleifs með HK í efstu deild
- **2010** Verður Íslandsmeistari með FH
- **2013** Gengur til liðs við Breiðablik
- **2014** Líklega síðasti landsleikur hans
- **2019** Spilar sinn 424. deildarleik og setur met

AUKIN ÞJÓNUSTA VIÐ FORD ATVINNUBÍLA

Vegna aukinna vinsælda Ford atvinnubíla hefur Brimborg opnað nýtt sérhæft Ford atvinnubílaverkstæði sem gerir okkur kleift að bæta þjónustu við eigendur atvinnubíla Ford. Aukin afköst styttir biðtíma og eykur sveigjanleika. Nýja atvinnubílaverkstæðið sérhæfir sig í þjónustu við Transit sendibíla, rútur, húsbíla og Ford pallbíla.

*Komdu með Ford atvinnubílinn þinn og fáðu hraðari og betri þjónustu en nokkru sinni fyrr.*




brimborg
Öruggur staður til að vera á

Brimborg Reykjavík
Bíldshöfða 6
Sími 515 7000

PANTAÐU TÍMA STRAX Í DAG!

Ford
ford.is


SUMARTILBOÐ!
BRIMBORGAR
GEGGJUÐ TILBOÐ!
OPIÐ VIRKA DAGA 9-17
VOLVO V40 CROSS COUNTRY
D2 Momentum Edition
120 hestafla dísil vél, 5 dyra og sjálfskiptur
Búnaður innifalinn í D2 Momentum Edition umfram ríkulegan staðalbúnað er: Momentum útfærsla, leðuráklæði, málmlitur, leiðsögukerfi, Sensus Connect hljómtæki, 8 hátalarar, 7" skjár, Led aðalljós, Led lýsing í innréttingu, nálægðarskynjari að aftan og bakkmyndavél.
Verð: 5.238.000 kr.
Sumartilboð: 4.390.000 kr.
-848.000 KR.
TAKMARKAÐ MAGN!
FORD KA+ ULTIMATE SPORT
1.2i bensín, 85 hö, beinskiptur
Útvarp og geislaspilari með 4,2" litaskjá, SYNC raddstýrt samskiptakerfi með Bluetooth og neyðarhringingu (112), USB tengi og AppLink, 4 hátalarar, stillingar fyrir útvarp í stýri, My Key (forritanlegur lykill með takmörk á hámarkshraða, hljóðstyrk hljómtækja ofl.), 2 stk. ISOFIX festingar fyrir barnabílstóla, ESP stöðugleikastýrikerfi með spólvörn, ESC með brekkuaðstoð, hraðatakmarkari, Easy Fuel án skrúfaðs bensínloks, aksturstölva, loftkæling, hæðarstillanlegt ökumannssæti, tvískipt aftursæti (40/60), ofnæmisprófuð efni í innréttingu, upphitanleg framsæti.
Verð með málmlit: 2.055.000 kr.
Sumartilboð: 1.690.000 kr.
-365.000 KR.
MAZDA2 NISEKO
1.5 bensín, 90 hö, sjálfskiptur
Mazda2 er lipur í akstri hvort sem það er í borg eða úti á þjóðveginum. Hann sameinar kraft, lipurð, sparneytni og áreiðanleika. Niseko útfærslan er búin álfelgum, 7" snertiskjá, hita í sætum og snjallhemlun sem bregst sjálfkrafa við ef þörf er á.
Verðlistaverð með málmlit: 2.690.000 kr.
Sumartilboð: 2.490.000 kr.
-200.000 KR.
GEGGJUÐ TILBOÐ!
CITROËN C3 AIRCROSS SHINE SUV
1.2 bensín, 110 hö, sjálfskiptur
Ferskir straumar einkenna Citroën C3 Aircross. Útlit hans er kröftugt og hvert smáatriði úthugsað. Þú situr hátt og hefur góða sýn fram á veginn í Citroën C3 Aircross SUV. Grip Control spólvörnin hefur 5 stillingar fyrir mismunandi erfiðar aðstæður. Lyklalaust aðgengi og bakkmyndavél setja punktana yfir e-ið.
Verðlistaverð með aukabúnaði 4.340.000 kr.
Sumartilboð: 3.990.000 kr.
-350.000 KR.
PEUGEOT 2008 ALLURE
1.2 bensín, 110 hö, sjálfskiptur
Peugeot 2008 Allure er glæsilegur og staðalbúnaður ríkulegur. Sætisstaðan er há og þú sest beint inn sem eykur þægindin. Vel fer um alla farþega. i-Cockpit ökumannsrými er einstakt og farangursrými er stærra en hjá mörgum sambærilegum bílum. Veghæðin er mikil, eða 16,5 cm undir lægsta punkt.
Verðlistaverð með aukabúnaði 3.650.000 kr.
Sumartilboð: 3.350.000 kr.
-300.000 KR.
GEGGJUÐ TILBOÐ!
brimborg
Öruggur staður til að vera á
Brimborg Reykjavík
Bíldshöfða 6
Sími 515 7000
Brimborg Reykjavík
Bíldshöfða 8
Sími 515 7040
Brimborg Akureyri
Tryggvabraut 5
Sími 515 7050
Komdu í Brimborg strax í dag og tryggðu þér nýjan bíl á geggjuðu Sumartilboði!
brimborg.is



✝

Ástkær eiginkona mín, móðir okkar, tengdamóðir og amma,

**Anna Katrín Eyfjörð Þórsdóttir**
Fosslandi 3, Akureyri,

lést heima í faðmi fjölskyldunnar þriðjudaginn 28. maí. Útförin fer fram frá Akureyrarkirkju föstudaginn 7. júní kl. 13.30. Blóm og kransar vinsamlega afþakkaðir en þeim sem vilja minnast hennar er bent á Krabbameinsfélag Akureyrar.

**Halldór Baldursson**
**Sandra Halldórsdóttir** **Jóhann K. Hjaltason**
**Karen Halldórsdóttir** **Guðmundur Ómarsson**
**Lára Halldórsdóttir** **Valdimar S. Þórisson**
**Brynjar Ingi, Halldór Georg, Hjalti, Halldór, Arnrún Eva, Katrín Tanja**



✝

Ástkær móðir okkar, tengdamóðir, amma, langamma og langalangamma,

**Þórdís Grímheiður Magnúsdóttir**
húsmóðir,

lést laugardaginn 25. maí í faðmi fjölskyldunnar. Útför fer fram frá Grensáskirkju 7. júní klukkan 13.00.

**Kristbjörg G. Gunnarsdóttir** **Ívar Gunnlaugsson**
**Magnús G. Gunnarsson** **Steinunn Ástráðsdóttir**
**Lilja G. Gunnarsdóttir** **Bjarnleifur Bjarnleifsson**
**Anna Greta Gunnarsdóttir**
**Gunnar B. Gunnarsson** **Lulu Andersen**
**Helga Grímheiður Gunnarsdóttir**
**Birgir Gunnarsson** **Guðrún Arinbjarnardóttir**
**barnabörn, barnabarnabörn og barnabarnabarnabörn.**



✝

Ástkær dóttir mín, móðir, tengdamóðir, systir, amma og langamma,

**Kristín Þórisdóttir**
Sléttuvegi 9,

lést þann 3. maí síðastliðinn. Jarðarförin hefur farið fram í kyrrþey að ósk hinnar látnu. Hjartans þakkir fyrir auðsýnda samúð og hlýhug vegna andláts hennar.

**Petrína Kristín Björgvinsdóttir**
**Þórir Ólafur Skúlason** **Fanney Sigurgeirsdóttir**
**Árni Benedikt Skúlason**
**Kolbrún Þórisdóttir** **Hreinn Ó. Sigtryggsson**
**Ólafur Þórisson**
**barnabörn og barnabarnabörn.**



✝

Ástkær eiginmaður minn, faðir, afi og bróðir,

**Elí Sigurður Elísson**

lést á hjúkrunarheimilinu Lögmannshlíð, Akureyri, 29. maí. Útför fer fram frá Akureyrarkirkju föstudaginn 7. júní. kl. 10.30. Sérstakar þakkir til starfsfólks Melgerðis, Lögmannshlíð, fyrir góða umönnun. Blóm og kransar afþakkaðir, þeim sem vilja minnast hans er bent á Melgerði, Lögmannshlíð.

**Sevil Gasanova**
**Etibar Gasanov Elísson**
**Ulker Gasanova**
**Benedikt Gylfi Jónsson**

*Nærgætni, hlýja og virðing* *Við andlát ástvinar*





ÚTFARARSTOFA REYKJAVÍKUR

**Ísleifur Jónsson**
Útfararstjóri
Farsími 821 5353

**Steinunn Magnúsdóttir**
Útfararþjónusta
Farsími 861 3441

Álfheimum 35, 104 Reykjavík
Sími 553 5353 og 821 5353
www.usr.is
isleifur@usr.is
**Þjónusta allan sólarhringinn**



**Graduale Future á Austurvelli á 17. júní fyrir tveimur árum, nú mun kórinn syngja í Winnepeg.**

# Íslensk tunga í hávegum

**Ungmennakórinn Graduale Futuri heldur brátt vestur um haf og syngur meðal annars við styttu Jóns forseta í Winnepeg 17. júní. En fyrst eru tónleikar í Langholtskirkju.**

Við munum hafa íslenska tungu í hávegum í þessari ferð sem ég veit að verður einstök upplifun,“ segir Rósa Jóhannesdóttir, stjórnandi ungmennakórsins Graduale Futuri, um vesturför kórsins sem lagt verður í þann 13. júní.

Graduale Futuri er einn af Langholtskirkjukórunum. Rósa er búin að vera með hann í tólf ár og segir hann búinn að vera eitt ár að undirbúa þessa ferð. „Við fljúgum til Minneapolis og ætlum að feta í fótspor Stikkilsberja-Finns við upptök Mississippifljótsins og heimsækja íslensku nýlenduna í Norður-Dakóta þar sem skáldin Stephan G. Stephansson og Káinn (Kristján Níels Jónsson) bjuggu. Stephan G. nefndi sína sveit eftir Garðari Svavarssyni og héraðið ber enn nafnið Gardar,“ lýsir Rósa.

„Svo heimsækjum við Nýja Ísland, þar sem fyrstu landnemarnir stigu á land í október árið 1875. Aðalerindið er samt að syngja á þjóðhátíðardaginn í Winnipeg, við styttu Jóns Sigurðssonar sem er eftirgerð styttunnar á Austurvelli. Þar verður deginum fagnað og með okkur syngur vesturíslenskur Sól-



**Rósa hefur stjórnað kórnum í tólf ár.**

skríkjukór. Svo storma allir samkomugestir í listasal fylkisins á tónleika hjá okkur. Þeir eru vel auglýstir vestra og mikið við haft. Þarna er fólk sem vill viðhalda sinni íslensku menningu og tungu og keyrir mörg hundruð kílómetra til að upplifa slíka stemningu, ekki síst þegar gestir koma frá Íslandi.“

Rósa kveðst sjálf hafa farið með danshópi á slóðir Vestur-Íslendinga 2006 og þá komist á bragðið. „Andrúmsloftið er svo einstakt og mig langaði að kynna þennan heim fyrir börnum, enda er hann hluti af okkar menningarsögu. Það hentaði vel að fara núna, svona í skólalok þegar allir eru í söngformi.“

Í kórnum eru stúlkur á aldrinum 10-15 ára að sögn Rósu. „Svo fer einn bróðir með sem er sextán ára og er í söngnámi, hann syngur eitthvað með okkur.“ Þetta er níu daga ferð. Við förum að Gimli, heimsækjum grunnskólann þar, svo syngjum við á nokkrum fyrirfram ákveðnum stöðum og eflaust úti um hvippinn og hvappinn!“

Til að hita upp fyrir ferðina ætlar Graduale Futuri að halda fjölbreytta tónleika í Langholtskirkju í kvöld sem hefjast klukkan 20. Auk væntanlegra ferðalanga verður Magnús Ragnarsson organisti á sínum stað.

Miðaverð á tónleikana er 1.000 krónur og upphæðin rennur beint í ferðasjóð kórfélaga. Frítt inn fyrir börn yngri en 16 ára. **gun@frettabladid.is**



✝

Elskulegur eiginmaður minn, faðir, tengdafaðir og afi,

**Guðjón Antonsson**
frá Skeggjastöðum, Vestur-Landeyjum,

varð bráðkvaddur miðvikudaginn 29. maí. Útför hans fer fram frá Akureyjarkirkju, Vestur-Landeyjum, laugardaginn 8. júní klukkan 14.00.

**Svanborg E. Óskarsdóttir**
**Ólöf Mjöll Guðjónsdóttir**
**Halldór Kristinn Guðjónsson** **Erla Magnúsdóttir**
**Anton Vignir Guðjónsson**
**Nína Guðrún Guðjónsdóttir** **Arnar Gíslason**
**Eygló Þóra Harðardóttir** **Sigurður Einar Vilhelmsson**
**Óskar Rúnar Harðarson** **Jóna Dóra Óskarsdóttir**
**Arnfríður Kristrún Sveinsdóttir** **Magnús Gabríel Haraldsson**
**og barnabörn.**



✝

Ástkær eiginmaður minn, faðir okkar, tengdafaðir, afi og langafi,

**Þorbergur Þórarinsson**

lést í faðmi fjölskyldunnar á hjúkrunarheimilinu Skjóli, 15. maí sl. Útför hans fer fram frá Kópavogskirkju föstudaginn 7. júní kl. 15.00.

**Elísabet Jósefsdóttir**
**Þórarinn H. Þorbergsson** **Unnur Elín Jónsdóttir**
**Þórarinn Fannar Þórarinsson**
**Þórdís Hildur Þórarinsdóttir**
**Fjóla Ósk Þórarinsdóttir**
**Stefán Örn Þórarinsson**
**Gabriella E. Þorbergsdóttir** **Þóroddur Gissurarson**
**Þorbergur Taro Ómarsson**
**Elísabeth Tanja Gabrielludóttir**
**og langafabörn.**

# Fólk

## Heilsa

ÞRIÐJUDAGUR 4. JÚNÍ 2019



# Fékk nýja sýn á lífið

Eydís Ása Þórðardóttir er 26 ára. Hún greindist með brjóstakrabbamein á sextándu viku meðgöngu í fyrrasumar. Það var gríðarlegt áfall fyrir Eydísi Ásu og aðstandendur hennar sem nutu frábærrar aðstoðar Ljóssins. ➜2

Eydís Ása er enn í meðferð en segist vera búin með hörðustu meðferðina. Hún er að byggja sig upp aftur eftir veikindin auk þess að sinna ungri dóttur sinni, Emblu Marín. Þetta er búið að vera erfiður tími hjá Eydísi en hún vonast til að veikindin séu yfirstaðin og hlakkar til sumarsins. FRÉTTABLAÐIÐ/ERNIR



Meðvirkni er orð sem oft er notað, jafnvel misnotað. Það mætti segja að allir séu meðvirkir upp að einhverju marki, segir Valdimar Þór Svavarsson. ➜4





Mikil hræðsla greip Eydísi þegar hún greindist með brjóstakrabbamein á meðgöngu. Hún fékk góða aðstoð og ráðgjöf hjá Ljósinu. FRETTABLAÐIÐ/ERNIR

Elín Albertsdóttir
elin@frettabladid.is



Eydís Ása greindist 26. júlí í fyrra, þá komin sextán vikur á leið með fyrsta barn. Hún fann hnút í hægra brjósti og taldi að um stíflaðan mjólkurkirtil væri að ræða. „Ég fékk ljósmóður til að þreifa á brjóstinu í mæðraskoðun en hún kallaði á heimilislækninn minn sem sendi mig áfram í ómskoðun. Tveimur vikum síðar var ég komin í brjóstnám. Mánuði þar á eftir hófst lyfjameðferð,“ útskýrir Eydís. Hún er ekki með hið arfgenga BRCA2 gen. „Ég er bara svona einstaklega óheppin,“ segir hún.

„Krabbameinsæxlið var skorið burt en það hafði dreifst í eitla. Flestir eitlar í holhönd voru fjarlægðir. Ekki var fullkomlega vitað hvort krabbameinið hefði dreift sér víðar þar sem ekki var hægt að rannsaka mig eins og venjulega væri gert þar sem ég var barnshafandi. Í myndatöku nýlega sást ekkert sem benti til þess og ég trúi því að þetta sé búið,“ segir hún.

## Sorg og gleði

„Meðgangan gekk ótrúlega vel. Barnið dafnaði vel þrátt fyrir lyfjameðferðina. Ég var svo heppin að fá ekki miklar aukaverkanir fyrir utan að missa hárið sem mér þótti mjög erfitt. Ég gæti trúað að meðgangan hafi veitt mér einhvers konar verndandi áhrif. Að minnsta kosti gekk allt mjög vel,“ segir Eydís og bætir við að hún hafi upplifað skrítnar tilfinningar þegar áfallið reið yfir. „Það var gleði og sorg sem börðumst um innan í mér. Sorg vegna veikindanna og gleði yfir væntanlegu barni.“

Eydís segist hafa orðið mjög hrædd þegar uppgötvaðist að hún væri með krabbamein. „Ég hugsaði auðvitað mikið um það hvort ég yrði alltaf til staðar fyrir ófædda barnið mitt. Neikvæðar óvissuhugsanir komu oft upp hjá mér og þær eru enn til staðar.“

## Mikil hræðsla og óvissa

Þegar Eydís er spurð hvort hún hafi fengið hjálp á andlega sviðinu, svarar hún því játandi. „Þarna greip Ljósið inn í og hjálpaði mér mjög mikið. Þau héldu þétt utan um mig. Ég fann að ég var ekki ein með svona hugsanir, þær væru partur af þessu ferli og flestir glíma við þær. Mér og fjölskyldu minni var ofboðslega vel tekið hjá Ljósinu. Við ákváðum fljótt í ferlinu að fara á kynningarfund og starfsmenn Ljóssins settu strax upp endurhæfingarprógramm fyrir mig sem var frábært. Ég hitti bæði iðju- og sjúkraþjálfara og fékk gott plan sem hjálpaði mér mikið. Það er ekki algengt að svona ungar konur fái brjóstakrabba en það gerist,“ segir Eydís Ása. Dóttir hennar kom í heiminn á annan í jólum, 26. desember síðastliðinn og fékk nafnið Embla Marín. „Það var dásamleg stund þegar ég fékk hana í fangið, heilbrigða og fína.“

## Sköllótt með bumbu og eitt brjóst

Unnusti Eydísar, Garðar Örn Arnarson, stóð eins og klettur við hlið hennar allan tímann. Hann fékk einnig aðstoð í Ljósinu ásamt foreldrum Eydísar og systkinum. „Það er alveg dásamlegt að ganga inn í Ljósið þar sem allir eru tilbúnir að hjálpa manni. Ég vissi ekkert hvað ég væri að ganga í gegnum og það var svo gott að finna að starfsfólkið hélt þétt utan um mann. Ég fann fyrir styrk og fékk góða fræðslu. Það var margt sem ég vissi ekki, til dæmis að ég ætti á hættu að fá sogæðabjúg þar sem eitlarnir voru fjarlægðir. Ég mætti í sérstakan hóp kvenna sem höfðu gengið í gegnum brjóstnám. Það var svolítið sérstakt að mæta þarna með bumbuna út í loftið, eitt brjóst og sköllótt. Mér var ótrúlega vel tekið af öllum og það var passað vel upp á mig. Ég fékk að fara í sogæðanudd sem gerði mér gott. Það hafði ekki verið rætt við mig um hugsanlegar afleiðingar fyrr en ég kom í Ljósið og því mjög traustvekjandi að hafa allt þetta fagfólk að leita til,“ segir hún.

> Það var gleði og sorg sem börðumst um innan í mér. Sorg vegna veikindanna og gleði yfir væntanlegu barni.
>
> **Eydís Ása Þórðardóttir**

Eydís segist mæla heilshugar með því að allir sem greinist með krabbamein og fjölskyldur þeirra leiti til Ljóssins sem fyrst eftir greiningu. Ég er fegin hversu fljótt ég fór til þeirra. Ég var ekki búin að missa hárið þegar ég fór fyrst. Mér þótti gríðarlega erfitt að missa hárið, augnhár og augabrúnir að auki. Sú lífsreynsla tók mjög á mig.“

## Meistaranámið bíður

Eydís og Garðar eru trúlofuð og stefna á giftingu fljótlega. Dagurinn hefur þó ekki verið ákveðinn. Eydís er enn í meðferð og ætlar að halda áfram að sækja Ljósið. „Erfiðasti hjallinn er búinn en ég þarf að vera á lyfjum í heilt ár. Ég er að reyna að koma mér aftur af stað út í lífið og gott að fá aðstoð við það. Lífið gengur nokkuð vel hjá mér. Eftir veikindaleyfi fer ég í fæðingarorlof, verð heima að sinna dóttur minni. Ég átti að vera að klára meistaranám í verkfræði en frestaði náminu þegar veikindin komu upp. Það er stórt og erfitt verkefni að veikjast alvarlega auk þess að hugsa um lítið barn. Öll mín orka núna fer í að ná heilsu. Sem betur fer er Embla Marín vær og góð, hún veit að móðir hennar þarfnast mikillar hvíldar.“

## Lífssýnin breytist

Ljósið hefur verið til frá árinu 2002 og starfsemin hefur vaxið mikið. Árið 2008 flutti starfsemin að Langholtsvegi 43. Vegna fjölgunar þeirra sem leita aðstoðar Ljóssins er fyrirhugað að stækka það. Um þessar mundir er í gangi söfnun Ljósvina til að hægt sé að bæta aðstöðuna á Langholtsvegi. Eydís segist hvetja fólk til að styrkja Ljósið og kynna sér hvað þar fer fram. „Þetta er svo ótrúlega flott starfsemi. Ég hugsa að margir geri sér ekki grein fyrir öllu því sem þarna er í boði og hversu mikilvæg starfsemin er. Það er hollur og góður matur í hádeginu. Kaffi er alltaf á boðstólum og fólk getur komið til að hitta aðra eða bara sest niður í þessu dásamlega umhverfi. Í boði eru alls kyns námskeið og líkamsrækt. Þarna er bæði andleg og félagsleg uppbygging. Ég er núna á námskeiði fyrir nýgreindar konur og þar eru margar á svipuðu róli og ég. Einnig er ég í líkamsrækt,“ segir Eydís sem ætlar að njóta sumarsins með fjölskyldu sinni. „Lífssýnin breytist mikið þegar maður greinist með krabbamein. Þegar maður horfist í augu við alvarleg veikindi hættir maður að hugsa um litlu hlutina sem skipta raunverulega litlu máli í stóra samhenginu. Þótt það sé skrítið að segja það þá breyta veikindin manni í betri manneskju. Maður fær algjörlega nýja sín á lífið.“




**Fólk er kynningarblað** sem býður auglýsendum að kynna vörur og þjónustu í formi viðtala og umfjallana. Í blaðinu er einnig hefðbundið ritstjórnarefni. Blaðið fylgir Fréttablaðinu daglega.

**Umsjónarmenn efnis:** **Elín Albertsdóttir,** elin@frettabladid.is, s. 550 5761 | **Benedikt Bóas Hinriksson,** benediktboas@frettabladid.is, s. 550 5763 | **Ásta Eir Árnadóttir,** astaeir@frettabladid.is, s. 550 5764 | **Sandra Guðrún Guðmundsdóttir,** sandragudrun@frettabladid.is, s. 550 5762 | **Sólrún Freyja Sen,** solrunfreyja@frettabladid.is, s. 550 5765 | **Þórdís Lilja Gunnarsdóttir,** thordisg@frettabladid.is, s. 550 5768

**Útgefandi:** Torg ehf | **Ábyrgðarmaður:** Kristín Þorsteinsdóttir | **Sölumenn:** **Arnar Magnússon,** arnarm@frettabladid.is, s. 550 5652, **Atli Bergmann,** atli@frettabladid.is, s. 550 5657, **Jón Ívar Vilhelmsson,** jonivar@frettabladid.is, s. 550 5654, **Jóhann Waage**, johannwaage@frettabladid.is, s. 550 5656, **Ruth Bergsdóttir**, ruth@frettabladid.is, s. 550 5653,

# SUMARIÐ NÁLGAST

# ALLT INNIFALIÐ

## MEÐ ÖLLUM LEGSTEINUM

2042
~~214.900 KR.~~
161.175 KR.

2020
~~287.900 KR.~~
215.925 KR.

104
~~462.900 KR.~~
347.175 KR.

6080
~~477.900 KR.~~
358.425 KR.

115
~~451.900 KR.~~
338.925 KR.

113
~~343.900 KR.~~
257.925 KR.

117
~~367.900 KR.~~
275.925 KR.

106
~~355.900 KR.~~
266.925 KR.

2006
~~271.900 KR.~~
203.925 KR.

114-1
~~430.900 KR.~~
323.175 KR.

129-3
~~427.900 KR.~~
320.925 KR.

## ÖLL VERÐ MIÐAST VIÐ FULLBÚINN STEIN MEÐ UPPSETNINGU

AUKAHLUTIR S.S. LUKT OG VASI FYLGJA EKKI MEÐ Í TILBOÐI

## ÞARF AÐ ENDURNÝJA LETRIÐ Á STEININUM?

GRANÍTHÖLLIN TEKUR AÐ SÉR AÐ HREINSA OG ENDURMÁLA LETUR Á LEGSTEINUM. EINNIG TÖKUM VIÐ AÐ OKKUR AÐ RÉTTA AF LEGSTEINA SEM ERU FARNIR AÐ HALLA.




*Frí uppsetning miðast við uppsetningu á höfuðborgarsvæðinu.
Með fyrirvara um prentvillur og uppseldar vörur.

MÖRKIN 4
108 REYKJAVÍK

Graníthöllin
Legsteinar

SÍMI 555 3888
GRANITHOLLIN.IS

# Meðvirkni þarf ekki að tengjast alkóhólisma

Flestir geta tengt við fyrirbærið meðvirkni, orð sem er oft notað og jafnvel misnotað. Það mætti segja að allir séu meðvirkir upp að einhverju marki en spurningin er hvort meðvirknin er farin að hafa neikvæð áhrif á líf okkar, segir Valdimar Þór Svavarsson.

Sólrún Freyja Sen
solrunfreyja@frettabladid.is



Valdimar Þór starfar sem ráðgjafi hjá félaginu Fyrsta skrefið. Eins og segir á heimasíðu þess, þá er félagið „fjölþætt ráðgjafaþjónusta fyrir einstaklinga, pör, fyrirtæki og stofnanir“ sem leggur sérstaka áherslu á valdeflingu og styrkingu einstaklinga „í gegnum faglegan og persónulegan stuðning“.

Í kvöld verður haldið meðvirkninámskeið þar sem er farið yfir hvernig meðvirkni tengist uppvextinum og með hvaða hætti hún hefur áhrif á fullorðinsárum.



Valdimar Þór Svavarsson segir að allir séu meðvirkir upp að einhverju marki FRÉTTABLAÐIÐ/ANTON BRINK

Valdimar segir að það sé nauðsynlegt að skilja vandann ef maður ætlar að takast á við hann, þess vegna er mikilvægt að ráðast á rótina.

## Varnarhættir barns verða að meðvirkni á fullorðinsárum

Meðvirkni er langt í frá að vera einfalt hugtak. „Námskeiðið er fjórir tímar og mætti ekki vera mínútu styttra. Við förum yfir gríðarlega mikið efni og skoðum málið frá mörgum hliðum.

Fyrst og fremst þá erum við að færa okkur frá því að tala bara um einkenni meðvirkni, sem er eitthvað sem er mikið talað um, yfir í að skoða orsökina. Þetta er langvinsælasta námskeiðið okkar og margir finna þar púslið sem þeir voru alltaf að leita að.“

## En hvað er meðvirkni og hverjar eru orsakir hennar?

Margir eru með ákveðna mynd í höfðinu af hvernig meðvirkni lítur út. „Gamla staðalímyndin er undirgefna eiginkona alkóhólistans.Bæði karlar og konur geta verið meðvirk og meðvirkni þarf ekki að tengjast alkóhólisma. Maður verður ekki allt í einu meðvirkur á fertugsaldri. Maður fer ekki óvart í samband með virkum alkóhólista og verður meðvirkur vegna þess,“ segir Valdimar.

„Meðvirkni þróast snemma í lífinu og veldur því að við lendum í erfiðleikum með sambönd og samskipti þegar við erum orðin fullorðin. Það er algeng ástæða fyrir því að við förum í slæm sambönd og eigum erfitt með að fara úr samböndum, jafnvel þó þau séu að valda okkur vanlíðan.“

Valdimar segir að rekja megi rætur meðvirkninnar til ákveðinna skekkja eða áfalla í samskiptum á uppvaxtarárum. „Áföll í uppvexti eru oftast eitthvað sem við verðum fyrir í samskiptum. Ef þú sem barn ólst upp við skammir og öskur, ofbeldi eða vanrækslu, þá þróar þú með þér ákveðna varnarhætti til að komast af í erfiðum aðstæðum.

Það er eðlilegt að við sem börn förum að verjast sársauka, en þessir varnarhættir fylgja okkur inn í fullorðinsárin. Þegar við erum orðin fullorðin þá hætta þessi viðbrögð að vera heilbrigð.

Þau byrjuðu sem eðlileg viðbrögð í erfiðum eða óeðlilegum aðstæðum, og verða seinna meir óeðlileg viðbrögð í eðlilegum aðstæðum. Það er meðvirkni.“

> Gamla staðalmyndin er undirgefna eiginkona alkóhólistans. Bæði karlar og konur geta verið meðvirk og meðvirkni þarf ekki að tengjast alkóhólisma. Maður verður ekki allt í einu meðvirkur á fertugsaldri. Maður fer ekki óvart í samband með virkum alkóhólista og verður meðvirkur vegna þess.

## Það er munur á góðsemi og meðvirkni

Samkvæmt Valdimar getur margt orðið til þess að meðvirkni þróast hjá okkur í uppvextinum. Algengt er að fólk sem er að vinna með meðvirkni hafi upplifað að uppalendur hafi verið andlega eða líkamlega fjarverandi eða jafnvel beitt ofbeldi. Ástæðurnar geta verið fullkomlega eðlilegar og mikilvægt að hafa í huga að ekki er verið að leita að sökudólgum, eingöngu að skoða hvað gæti hafa haft áhrif á okkar upplifun af okkur sjálfum. Í sumum tilvikum eru ástæðurnar mjög neikvæðar þar sem vanræksla og ofbeldi af einhverju tagi hefur haft áhrif. Sem dæmi um áhrifavalda eru skilnaðir, andlát, meðvirkni foreldra, alkóhólismi og ýmis önnur andleg veikindi.

Við gætum verið að alast upp við vanrækslu og upplifum að við skiptum ekki máli og allar aðrar tegundir af ofbeldi hafa veruleg áhrif á sjálfsmyndina. „Alls konar aðstæður geta mótað okkur og leitt til þess að við sem börn þróum aðferðir til að verjast sársauka sem við höldum síðan áfram að nota í framtíðinni.“ Valdimar segist upplifa að margir eigi erfitt með að skilja þetta og það sé flókin sálfræði þarna á bak við.

Sumum finnst erfitt að gera ekki greinarmun á góðsemi og meðvirkni. „Einfalda svarið við því er að góðsemi gefur þér orku en meðvirkni tekur hana. Það að segja já þegar maður vill segja nei, getur verið vísbending um meðvirkni. Þetta og margt fleira skoðum við og ræðum á námskeiðinu“.

Ráðgjöf Fræðsla Forvarnir

“Doktor.is er ætlað að auðvelda aðgengi almennings að upplýsingum og ráðgjöf um heilsu, lífsstíl og forvarnir.„

Teitur Guðmundsson, læknir og ritstjóri doktor.is






Doktor.is

HVAÐ ER AÐ FRÉTTA?

Frettabladid.is færir þér nýjustu fréttir dagsins og ítarlega umfjöllun um málefni líðandi stundar.

Ekki missa af neinu, fylgdu Fréttablaðinu á Facebook



# Bílar

ÞRIÐJUDAGUR 4. JÚNÍ 2019



# Volvo V60 CC fegurðardís

Háfætt útgáfa af Bíl ársins er að vonum skemmtilegur bíll. Volvo V60 Cross Country stendur 60 mm hærra á vegi en hefðbundinn V60, fjöðrun er mýkri og aksturseiginleikar jafngóðir. →10



# Tíu mest stolnu bílar Bretlands

Nýjustu upplýsingar um bílþjófnaði í Bretlandi benda til aukinna þjófnaða og í flestum tilvikum er bílunum ekki stolið með lyklum þeirra heldur komast þjófarnir inn í bílana og geta ræst þá með stolnum hugbúnaði. Á undanförnum mánuðum hefur reyndar 88% þeirra verið stolið án lykla. En hvaða bílgerðir freista þessara bílþjófa mest. Á toppnum trónir BMW X5 jeppinn og á hann þá vafasömu sögu að vera mest stolni bíll Bretlands árin 2009 til 2014, 2016 og 2018 og var í öðru sæti árin 2015 og 2017.

Í öðru sæti í fyrra var Mercedes Benz C-Class en hann var sá mest stolni árið á undan. Í þriðja sætinu er BMW 3-línan, Mercedes Benz E-Class í fjórða, BMW 5-línan í fimmta, Range Rover Vogue í sjötta, Land Rover Discovery í sjöunda, Range Rover Sport í áttunda, Mercedes Benz S-Class í níunda og Mercedes Benz GLE jeppinn í því tíunda. Það má því segja að bílþjófarnir í Bretlandi hafi góðan smekk þar sem allar 10 mest stolnu bílgerðir í landinu flokkast sem dýrir lúxusbílar. Aðeins þrjú bílamerki koma þar við sögu, Mercedes Benz, BMW og Jaguar Land Rover. Líklega ekki mjög eftirsóknarvert staðreynd fyrir þessa bílaframleiðendur, en þeir geta þó huggað sig við það að bílar þeirra eru eftirsóknarverðir, en því miður líka á meðal bílþjófa.



BMW X5 er sá bíll sem mest er stolið af í Bretlandi.



Skoda Superb Scout

## Skoda Superb Scout háfeti

Ný kynslóð stærsta fólksbíls Skoda, það er Superb mun fást af nýrri háfættri gerð sem ber nafnið Scout í endann, líkt og minni bróðirinn Octavia gerir af sömu gerð. Í þessu formi hefur Superb ekki fengist áður, en þessi bíll er hæfari til átaka í erfiðari færð en hefðbundin gerð Superb og stendur 15 mm hærra á vegi. Bíllinn fær stærri hjólskálar, varnarplötur að neðan og framan og aftan á bílinn, sem og breytta innréttingu. Skoda Superb Scout mun fást með 188 hestafla og forþjöppudrifna 268 hestafla bensínvélar, en báðar eru þær tengdar við DSG-sjálfskiptingu með 7 gíra. Fá má Superb Scout líka með 2,0 lítra og 190 hestafla dísilvél.

**» Bíllinn er að sjálfsögðu fjórhjóladrifinn og getur togað aftanívagn allt að 2.200 kílóum.**

Bílarnir er að sjálfsögðu fjórhjóladrifnir og geta togað aftanívagn allt að 2.200 kílóum. Í akstursstillingum bílsins hefur verið bætt við Off-Road stillingu. Í innréttingu bílsins eru viðarinnleggingar og áklæði í sætum sem ekki finnst í öðrum gerðum Superb. Velja má líka um slitsterkt Alcantara áklæði í sætum. Skoda Superb Scout fer í sölu seinna á þessu ári samhliða hefðbundinni gerð bílsins, en von er á tengiltvinnútfærslu bílsins snemma á næsta ári.

# Náttúrverndarsamtök fá nýjan LR Defender

**Næstu mánuði hyggjast tæknisérfræðingar fyrirtækisins, sem endurhönnuðu og þróuðu nýjan Defender í Bretlandi, nýta til að leggja lokahönd á vélbúnað, áreiðanleika og getu frumgerðar bílsins í umfangsmiklum prófunum.**

Jaguar Land Rover tilkynnti þann 30. apríl að ný og endurhönnuð gerð Land Rover Defender komi á markað í byrjun árs 2020. Þangað til verður ein af frumgerðum bílsins notuð af alþjóðlegum náttúruverndarsamtökum í Kenía þar sem hann verður notaður í akstri um mjög erfiðar og fjölbreyttar aðstæður. Nýr Defender verður framleiddur í nýrri verksmiðju Jaguar Land Rover í Nitra í Slóvakíu og víst má telja að margir bíði spenntir eftir endurkomu þessa goðsagnarkennda jeppa sem ennþá má svo víða sjá á íslenskum vegum.

### Leggja lokahönd á endanlega hönnun

Tilkynning fyrirtækisins 30. apríl var „afmælisdagur“ Defender sem kom fyrst fyrir almenningssjónir á bílasýningunni í Amsterdam þann 30. apríl árið 1948. Næstu mánuði hyggjast tæknisérfræðingar fyrirtækisins, sem endurhönnuðu og þróuðu hinn nýja Defender í Bretlandi, nýta til að leggja lokahönd á vélbúnað, áreiðanleika og getu frumgerðar bílsins í umfangsmiklum prófunum við margvíslegar og krefjandi aðstæður í Kenía þar sem starfsmenn alþjóðlegu náttúru- og mannúðarsamtakanna Tusk Trust munu hafa eina af frumgerðum bílsins til afnota á verndarsvæðinu í Borana.

### Samofin tengsl Land Rover við Afríku

Það er vel við hæfi að lokaprófanirnar fari fram í Afríku þar sem Land Rover hefur verið áratugum saman helsti vinnuþjarkur starfsmanna alþjóðasamtaka á borð við Rauða krossinn, starfsmenn þjóðgarða og verndarsvæða fyrir villt dýr og fleiri innlendar og erlendar stofnanir og samtök. Þá eru afnot Tusk Trust af frumgerð Defender ekki síður tilefni til að fagna fimmtán ára farsælu samstarfi samtakanna og Land Rover að náttúruvernd í Afríku. Bíllinn verður einkum notaður á hinu víðfeðma verndarsvæði í Borana sem er um 14 þúsund hektarar, meðal annars til flutninga á aðföngum, þar sem sums staðar þarf að fara um erfiða vegi og vegleysur og þvera djúpar og straumharðar ár.




Land Rover Defender er goðsagnarkenndur bíll sem gengur nú í endurnýjun lífdaga.

**» Hefur bílnum ásamt öðrum frumgerðum Defender þegar verið ekið meira en 1,2 milljónir kílómetra á undanförnum mánuðum.**

### 1,2 milljónir km að baki

Til að reyna sem mest á flesta þætti hönnunar Defender hefur bílnum ásamt öðrum frumgerðum Defender þegar verið ekið meira en 1,2 milljónir kílómetra á undanförnum mánuðum. Aksturinn fór fram við ólíkar aðstæður víða um heim, þar á meðal í meira en 50°C hita í eyðimörkum Dubai, í -40°C við norðurheimskautsbaug og í yfir þrjú þúsund metra hæð í fjallabeltum Rocky Mountains svo fátt eitt sé nefnt. Nick Rogers, yfirmaður tækniteymisins hjá Land Rover, segir að verkefnin fram undan í Kenía séu kærkomið tækifæri til að vígja nýjan Defender með eldskírn við raunverulegar aðstæður í daglegum störfum þjóðgarðsvarða á verndarsvæðinu í Borana. Hann segir að reynsla starfsmanna verndarsvæðisins af notkun bílsins verði nýtt til að fínpússa ýmis smáatriði fyrir opinbera frumsýningu bílsins.

## Gönguljósatakkinn gerður óþarfur



Hver væri ekki til í það að þurfa ekki að ýta á takkann við gönguljós þegar til stendur að komast yfir á gangbraut? Þessi takki gæti reyndar brátt heyrt sögunni til því austurrískir uppfinningamenn hafa smíðað búnað með myndavélum sem greina hvort gangandi fólk vill komast yfir gangbraut, stöðvar akandi umferð og gefur þeim gangandi „græna kallinn“. Myndavélin skannar svæði við ljósin sem er 5x9 metrar að stærð og sendir upplýsingar í ljósabúnaðinn ef hún greinir fólk sem greinilega hefur hug á að komast gangandi yfir.

### Styttir biðtímann

Tíminn sem líður frá því að myndavélin greinir gangandi vegfarendur og þar til þeir geta gengið yfir er mun styttri en almennt gerist þar sem fólk þarf að styðja á viðeigandi takka til að stöðva akandi umferð. Að sögn þeirra sem hönnuðu búnaðinn styttist þessi tími um 3-4 sekúndur. Búnaður þessi er reyndar svo snjall að ef hann greinir að stór hópur fólks vill komast yfir þá lengir hann tímann þar sem akandi umferðin er stöðvuð. Fyrstu ljósin með þessum búnaði eru nú að komast í gagnið í höfuðborginni Vín og til stendur að setja upp nokkur slík fyrir enda árs 2020. Vonandi reynist þessi búnaður vel og verður kominn á sem flest gönguljós í fyrirsjáanlegri framtíð.


BÍLAR
www.frettabladid.is



Umsjón blaðsins
Finnur Thorlacius
finnurth@frettabladid.is

**Auglýsingar:** Atli Bergmann atli@frettabladid.is, Sími 550 5657 **Útgáfufélag:** Torg ehf. Kalkofnsvegur 2, 101 Reykjavík, sími 550 5000




Konungur jeppanna er aftur mættur til leiks í veglegri sérútgáfu, Land Cruiser Adventure með fjallmyndarlegum aukahlutapakka sem toppar allt og tveggja ára þjónustupakka í kaupbæti.

**Land Cruiser Adventure aukahlutapakki:** 33" breyting, dráttarbeisli, húddhlíf og krómstútur á púst.
**Heildarverðmæti: 660.000 kr.**

**2 ára þjónustupakki fylgir með nýjum Land Cruiser, viðskiptavinum að kostnaðarlausu.**

**Nú er 7 ára ábyrgð á öllum nýjum Toyota bifreiðum.**

2018
UMHVERFISVERÐLAUN ATVINNULÍFSINS
UMHVERFISFYRIRTÆKI ÁRSINS

3+4 ÁBYRGÐ
2 ÁRA ÞJÓNUSTA

**Toyota Kauptúni**
Kauptúni 6

**Toyota Akureyri**
Baldursnesi 1

**Toyota Reykjanesbæ**
Njarðarbraut 19

**Toyota Selfossi**
Fossnesi 14

Bíllinn í þessari auglýsingu endurspeglar ekki endilega það verð og þann búnað sem tilgreindur er. Fyrirvari við 7 ára ábyrgð: Ökutækinu skal viðhaldið samkvæmt vörulýsingu og leiðbeiningum framleiðandans og ber eigandi kostnaðinn við slíkt viðhald. Sé það ekki gert getur það valdið ógildingu ábyrgðar varðandi hluti sem þarfnast viðhalds. Gildir eingöngu um bíla sem fluttir eru inn af Toyota á Íslandi ehf. Birt með fyrirvara um villur.

## Selja stolna bíla til aðstoðar fátækum

Mexíkósk yfirvöld ætla að halda uppboð á bílum og fleiri munum sem teknir hafa verið af afbrotamönnum þar í landi og nota afraksturinn til stuðnings fátæku fólki í landinu. Alls verða boðnir upp 77 bílar og á meðal þeirra eru Lamborghini, Porsche, Mercedes-Benz, Ford Mustang og Chevrolet Corvette bílar. Lágmarksuppboðsverð þessara bíla er 1,5 milljónir dollara, eða 185 milljónir króna, en búast má við því að talsvert hærri upphæð fáist fyrir bílana á uppboðinu. Í Mexíkó tapar ríkið 5-9% af heildarframleiðslu landsins vegna spillingar í landinu.

Núverandi stjórnvöld hafa skorið upp herör gegn glæpum og er handlagning þess varnings sem boðinn verður þarna upp ein birtingarmynd þess. Auk þess er það stefna nýkjörins forseta landsins, Lopez Obrador, og stjórn hans að styðja við fátæka og eldri borgara landsins og því mun afrakstri af þessum haldlagða varningi verða varið í að styðja við þessa hópa fólks. Á uppboðinu verða einnig boðin upp þrjú lúxusheimili fyrrum afbrotamanna, en virði þeirra nemur að minnsta kosti 900 milljónum króna. Það góss sem haldlagt hefur verið og verður boðið upp er ekki allt komið frá gangsterum, heldur meðal annars einnig frá fyrrverandi pólitíkus sem viðað hafði að sér eignum með ólöglegum hætti.

# Rafbíllinn Mini EV í framleiðslu í árslok

Fyrsti hreinræktaði rafmagnsbíll Mini verður kynntur formlega á bílasýningunni í Frankfurt í september.

Þeir sem kynnst hafa þriggja dyra Mini vita af reynslunni hversu einstaklega skemmtilegur akstursbíll hann er, sérstaklega í borgarumferðinni. Þeir sem prófað hafa 100% rafdrifna frumgerð Mini sem BMW Group hyggst hefja framleiðslu á fyrir árslok í tilefni 60 ára afmælissögu Mini á árinu, segja Mini EV lofa mjög góðu. Mini Electric verður kynntur formlega á bílasýningunni í Frankfurt í september. Bíllinn nýtur fjölmargra tæknilausna rafbíladeildar BMW Group og segir Thomas Geiger hjá Auto Express sem prófað hefur frumgerðina að rafbíllinn muni ekki svíkja neinn enda séu öll erfðaefnin til staðar sem geri Mini að Mini.



Mini Electric verður kynntur formlega á bílasýningunni í Frankfurt í haust.

### Þriggja dyra Mini

Mini EV er þriggja dyra borgarbíll í ætt við sígildu goðsögnina frá sjöunda áratug síðustu aldar, sem talinn er annar áhrifamesti bíll 20. aldarinnar. Mini EV er framdrifinn eins og sá sígildi, sem uppfært hefur verið til samræmis við nútímakröfur um umhverfismildi. Því er tímamótabíllinn búinn 190 hestafla rafmótor og 33 kW rafhlöðu og hámarkshraðinn um 150 km/klst. Hröðun úr kyrrstöðu í 100 km/klst. er um 7 sekúndur og drægi rafhlöðunnar um 230 km. Það ætti að nægja flestum í borgarumferðinni þar sem Mini EV verður fyrst og fremst ætlaður til notkunar eins og goðsögnin.

### Ekta Mini

Thomas Geiger segir Mini EV minna nokkuð á geimskip vegna hljóðsins sem kviknar þegar stutt er á hnappinn til að ræsa rafmótorinn. Að öðru leyti ríki þögnin ein í farþegarýminu. „Það eina sem þú heyrir er hljóðið í dekkjunum,“ segir Geiger og líkir hljóðinu við þau sem þeir heyra sem svífa um loftin blá í svifflugu. Geiger segir akstursupplifunina mjög Minilega, ekki ósvipaða upplifun af Mini Cooper S, sem einnig byggir á goðsögninni frá 1959. Mini EV verður því kraftmikill, snöggur og umfram allt lipur til að henta borgarumferðinni til hins ítrasta. Geiger segir Electric ekta Mini. „Ef þér líkar Mini muntu elska Mini Electric. Ef þér líkar ekki Mini mun þér heldur ekki líka við rafbílinn,“ segir Geiger sem telur Mini EV hinn fullkomna borgarbíl. Mini EV verður kynntur hjá BL á næsta ári. Evrópuútgáfa Mini EV verður framleidd í Bretlandi en einnig er ætlunin að framleiða hann í Kína fyrir þarlendan markað. Mini Electric verður einnig markaðssettur í Bandaríkjunum.




SUZUKI
Way of Life!
SUZUKI VITARA
FYRIR SUMAR, VETUR, VOR OG HAUST
FJÓRHJÓLADRIFINN, SJÁLFSKIPTUR EÐA BEINSKIPTUR
VITARA
VERÐ FRÁ KR.
4.090.000
Suzuki Vitara er búinn að sanna ágæti sitt við íslenskar aðstæður.
Með útlitsbreytingar sem gera hann enn glæsilegri.
Komdu og kynntu þér breyttan og betri Suzuki Vitara.
ALLGRIP
4WD All-grip tryggir öryggi í akstri og gott veggrip við erfiðar aðstæður. Þú kemst alla leið!
Það er alltaf Suzuki veður!
FLUTT MEÐ EIMSKIP
Fáðu nánari upplýsingar á suzuki.is
SUZUKI
Suzuki bílar hf. | Skeifunni 17 | Sími 568 5100

**KOSTIR OG GALLAR**

**RANGE ROVER EVOQUE**

- 2,0 LÍTRA DÍSILVÉL
- 240 HESTÖFL
- FJÓRHJÓLADRIF

**Eyðsla frá:** 8,3 l/100 km í bl. akstri
**Mengun:** 215 g/km CO2
**Hröðun:** 11,0 sek. í 100 km hraða
**Hámarkshraði:** 186 km/klst.
**Verð frá:** 6.990.000 m. kr.
**Umboð:** BL

Kostir:
- Útlit
- Torfærugeta
- Aksturshæfni
- Búnaður

Gallar:
- Skert útsýni
- Lítið farangursrými

# Fullvaxinn minnsti bróðir

## Minnsti bróðirinn í Range Rover fjölskyldunni er nú kominn af annarri kynslóð og þó svo fagurt ytra útlitið hafi ekki mikið breyst er hér kominn gerbreyttur bíll með mikla torfærugetu.

Reynsluakstur
Finnur Thorlacius
finnurth@frettabladid.is






Af hverju að breyta því sem gott er? Það er ávallt spurningin þegar ný kynslóð birtist af vel heppnuðum bílum, en Evoque er nú kominn af annarri kynslóð. Land Rover fyrirtækið fór þá leið með nýrri kynslóð Range Rover Evoque að breyta lítið heildarmyndinni. Þegar nánar er að gáð er samt enginn flötur bílsins eins. Þær breytingar sem gerðar hafa verið virðast allar til góðs og hafi bíllinn verið fágaður í útliti áður er hann baðaður í fágun nú. Slíkt getur verið erfitt í framkvæmd með smærri bíla, en tekst þó hér. Evoque er jú smæsti bíll Range Rover línunnar, sem státar í heild af fegurstu jeppaflóru heims að mati greinarritara. Útlitseinkenni nýs Evoque koma greinilega frá stærri bróðurnum Range Rover Velar, sem í sem fæstum orðum er fallegasti jeppi heims, punktur og basta! Því kemur ekki á óvart þó svo Evoque hafi enn fríkkað, þó hann nái samt seint Velar. Nýr Evoque hefur ekki stækkað, enda væri slíkt ekki heppilegt fyrir bíl sem ætlaður er fyrir borgarumferðina að mestu. Hins vegar hefur bilið milli öxla aukist og hefur það verið nýtt í að auka við innanrými bílsins. Evoque af fyrstu kynslóð mátti fá aðeins með þremur hurðum og líka sem blæjubíl, en lítil eftirspurn eftir báðum þeim útfærslum gerir það að verkum að nú er aðeins ein gerð í boði, með 5 hurðum.

### Þrír skjáir í mælaborðinu

Range Rover Evoque er lúxusbíll og því ætti það ekki að koma neinum á óvart að innanrýmið hans sé hrikalega vel búið og flott, en að auki er bíllinn hreinlega troðinn af nýjustu tækni. Til dæmis eru þrír skjáir í mælaborði bílsins. Flestir munu væntanlega velja Evoque með leðurinnréttingu og -sætum en þeir sem kjósa bílinn með tauáklæði geta montað sig af því að það er einkar umhverfisvænt, því það er gert úr endurunnum plastflöskum að hluta. Með þrjá skjái fer lítið fyrir tökkum og því er mælaborðið í senn naumhyggjulegt og framúrstefnulegt, allt í takt við flottan lúxusbíl. Ferlega vel fer um framsætisfarþega, en fyrir ekki stærri bíl en Evoque er eins gott að vera ekki af stærri gerðinni ef sitja á aftur í. Að þessu leyti er langt frá íverurými Evoque og t.d. stærri Land Rover bróðurins Discovery og fullvaxins Range Rover. Það á náttúrulega líka við um farangursrýmið, sem þó dugar þokkalega til ferðalaga.

### Mikið vélaúrval

Eins og með svo marga BMW bíla og alla Volvo bíla, eru allar vélarnar sem í boði eru með 2,0 lítra sprengirými, en þó misöflugum. Dísilvélarnar eru D150, D180 og D240 og bensínvélarnar P200, P250 og P300 og það þarf eiginlega ekki að giska á hver hestaflafjöldi þeirra er, það segir sig sjálft. Einstaklega skemmtilegt er að aka öflugustu gerðunum, þ.e. bæði D240 og P300. Hinar vélarnar eru svo sem engir letingjar heldur og kosta náttúrulega minna og eyða minna. Í öllum gerðum er tengt mild-hybrid kerfi sem er til aflaukningar og hjálpar helst til við upptöku bílsins úr kyrrstöðu. Allar vélarnar eru tengdar við 9 gíra sjálfskiptingu. Við akstur Evoque þarf eiginlega bara að stýra rétta línu, aksturskerfin sjá um að halda bílnum límdum á veginum. Í reynsluakstrinum sem fór fram í Grikklandi var boðið upp á heilmikinn torfæruakstur til að sýna hversu bíllinn er hæfur til slíks aksturs.





### Ferlega fínn í torfærunum

Segja má að það sé hreint til fyrirmyndar hve þessi annars minnsti bíll Range Rover er tilbúinn í torfærurnar og hann ók ofan í árfarvegum og upp brattar og grýttar malarbrekkur eins og enginn væri morgundagurinn. Auk þess er þessi bíll með 60 cm vaðdýpt, hreint magnað! „Ground View“-myndavélabúnaðurinn í Evoque er sér kapítuli en með honum má fá 180 gráðu sýn fram fyrir bílinn við erfið skilyrði og með honum má sjá eins og gegnum húddið á bílnum og því er allt fyrir framan bílinn sýnilegt. Ekki minnist greinarritari þess að hafa séð svona magnaðan búnað áður og hann kom að góðum notum í torfærunum. Ekki veitir samt af þessum búnaði því útsýni úr bíl með svona litla glugga eins og Evoque er með er ekki gott og síst gegnum afturrúðuna með aðstoð baksýnisspegilsins. Fjöðrun bílsins er frábær og alltaf líður ökumanni þannig að hann sé á sönnum lúxusbíl. Evoque er náttúrulega ekki síður á heimavelli á malbikinu og þar líður hann áfram hljóðlaust og lítt finnst fyrir hraðanum sem hann á svo létt með. Rétt er að gæta sín á hraðatakmörkunum, en hann var þó settur í 180 km hraða á réttum stað og fór létt með það. JLR hefur selt ógn og býsn af fyrstu kynslóð Evoque og þessi nýja kynslóð hans ætti bara að ýta þeim fjölda betur upp. Hér er sannur lúxusjeppi mættur, þó með magnaða torfærugetu og algjör töffari í útliti.

> **Einstaklega skemmtilegt er að aka öflugustu gerðunum, þ.e. bæði D240 og P300. Hinar vélarnar eru svo sem engir letingjar en kosta náttúrulega minna og eyða minna.**





**Bernhard - Honda á Íslandi**
Vatnagörðum 24
104 Reykjavík
Sími 520 1100
www.honda.is

Umboðsaðilar:

Bílver
Innesvegi 1
Akranesi
Sími 431 1985

Höldur
Þórsstíg 2
Akureyri
Sími 461 6020

Bragginn
Flötum 20
Vestmannaeyjum
Sími 481 1535

HONDA

# BÍLAR




Mynd: Opel Corsa-e á að komast 340 km á fullri hleðslu.

## Fyrsti Opel rafmagnsbíllinn

Opel hefur ekki hingað til gert sig gildandi í framboði á rafmagnsbílum, en það mun breytast í mars á næsta ári með tilkomu Opel Corsa-e. Eins og svo margir aðrir bílaframleiðendur hafa gert þá er þessi fyrsti rafmagnsbíll Opel af kunnri gerð, en Opel Corsa bíllinn hefur verið söluhæsta bílgerð Opel til margra ára. Opel Corsa-e verður af nýrri kynslóð hins vinsæla Corsa bíls en hann verður fyrsti bíll Opel sem hannaður er frá grunni undir eignarhaldi PSA Group, en Opel var keypt af franska bílaframleiðandanum seint á árinu 2017. PSA framleiðir Peugeot og Citroën bíla.

Opel Corsa-e verður með 340 km drægi frá 50 kWh rafhlöðum og afl rafmótora hans verður 134 hestöfl. Corsa-e verður að sjálfsögðu með Vauxhall merkið á Bretlandsmarkaði, en Vauxhall merkið tilheyrir Opel. Bíllinn verður eingöngu í 5 hurða útfærslu og svo til eins í útliti og hefðbundnar útgáfur hans með brunavélum. Opel ætlar að bjóða rafmagnaða útgáfu af hverjum og einum bíla sinna frá og með árinu 2024, hvort sem þeir verða tengiltvinnbílar eða hreinræktaðir rafmagnsbílar. Nú þegar hefur Opel kynnt Grandland bíl sinn sem tengiltvinnbíl og á eftir honum munu fylgja Mokka X og Vivaro sendibíllinn í sams konar útfærslu.

# Sex Nexo vetnisbílar til fyrirtækja og stofnana

**Rafknúnum vetnisbílum Hyundai fjölgar hægt og bítandi á Íslandi. Þar fara umhverfisvænir bílar sem láta einingis frá sér vatn. Aflrás Nexo er þannig að vetnið gengur í samband við súrefni sem breytir vetninu í rafmagn.**

Í tilefni af vígslu Skeljungs á nýrri vetnisstöð Orkunnar við Miklubraut 12. maí var sex fyrirtækjum og stofnunum afhentir nýir rafknúnir vetnisbílar af gerðinni Hyundai Nexo, flaggskipi framleiðandans í grænum samgöngum. Rúm sex ár eru liðin síðan Hyundai hóf fjöldaframleiðslu og sölu á rafknúnum vetnisbílum, en það var í ársbyrjun 2013 þegar rafknúni vetnisbíllinn iX35 fór á markað. Um 500 slíkir bílar eru í notkun í 28 löndum. Í samanburði við afl og getu annarra vetnisknúinna rafbíla sem litið hafa dagsins ljós á markaðnum skákar enn enginn Nexo þegar kemur að innra rými, snerpu, krafti eða drægi. Rafmótor Nexo er 120 kW og 163 hestöfl og togar mótorinn allt að 395 Nm. Hröðun úr kyrrstöðu í 100 km/klst. er 9,2 sekúndur og uppgefinn hámarkshraði 179 km/klst.

### Allt að 666 km drægi

Vetnisgeymirinn er 156,6 lítrar (6,3 kg) og dregur Nexo allt að 666 km á tankinum samkvæmt WLTP. Það er svipað drægi og margra bensín- og dísilfólksbíla í umferðinni. Eins og með alla bíla óháð orkugjafa fer nýting eldsneytisins eftir ökulagi, veðuraðstæðum og fleiri þáttum. Nokkrar mínútur tekur að fylla vetnistank Nexo og þar sem bíllinn þolir „kaldstart“ í allt að -30°C er ljóst að Nexo hentar




Nýrri vetnisstöð Orkunnar við Miklubraut fagnað á dögunum.

ákaflega vel íslenskum veðuraðstæðum.

### Orkumikill rafbíll

Aflrás Nexo er þannig að vetnið gengur í samband við súrefni í efnarafal sem breytir vetninu í rafmagn. Rafallinn streymir orkunni bæði beint til rafmótorsins og á 1,56 KWh rafhlöðu bílsins, sem skilar allt að 40KW orku. Raforkugeta efnarafalsins er allt að 95 KW og þegar rafmótorinn þarf meiri orku sækir hann orkuna til rafhlöðunnar enda getur mótorinn nýtt allt að 120 KW í einu. Nexo losar bara frá sér hreint og drykkjarhæft vatn og hreinna loft en það sem hann tók inn. Því stuðlar Nexo að betri loftgæðum í umhverfi sínu.

### Búinn hátæknibúnaði

Eins og aðrir rafbílar er Nexo hljóðlátur í akstri þótt hann framleiði raungerð hljóð í öryggisskyni fyrir gangandi vegfarendur. Nexo er nefnilega búinn öllum helstu tækninýjungum Hyundai. Raunar er Nexo fullfær um að aka sjálfur án aðstoðar eins og Hyundai sýndi fram á í 190 km ökuferð fyrir Ólympíuleikana í Seoul án þess að ökumaðurinn skipti sér nokkurn tímann af akstrinum. Allir sjálfvirknieiginleikar Nexo eru þó ekki virkir sem stendur enda lagaumgjörðin víðast hvar enn í mótun.

### Hyundai leiðir vetnisþróun

Hyundai Nexo er önnur kynslóð rafknúins vetnisbíls Hyundai á almennum markaði. Fyrri kynslóð var eins og áður segir iX35 sem var fyrsti rafknúni vetnisbíllinn á markaðnum. Um 500 slíkir eru í notkun, m.a. á Íslandi. Það eru fleiri bílar en samanlagður fjöldi vetnisbíla af öðrum tegundum enda hefur Hyundai unnið lengst að þróun tækninnar, eða frá 1998, m.a. í samvinnu við stjórnvöld í S-Kóreu, Bandaríkjunum og Þýskalandi.

### Rafknúnir vetnisbílar á Íslandi

Innflutningur og sala á Nexo á Íslandi fer m.a. fram í samstarfi við Íslenska nýorku sem er ásamt Skeljungi og fleirum aðilar að átaki Evrópusambandsins um fjölgun rafknúinna vetnisbíla í umferð.








Ford Taurus verður áfram framleiddur í Kína

# Ford Taurus lifir af í Kína

Ford hætti framleiðslu Taurus bíls síns í Bandaríkjunum í mars síðastliðnum eftir ríflega þriggja áratuga framleiðslu og 6 kynslóðir bílsins. Þar með er ekki sagan öll fyrir Taurus því hann mun eiga framhaldslíf í Kína þar sem hann er nú og verður framleiddur fyrir Kínamarkað. Ford ætlar líka að hætta framleiðslu á Fiesta, Focus og Mondeo fólksbílunum í Bandaríkjunum, auk Taurus og einbeita sér að framleiðslu á jepplingum, jeppum og pallbílum og hefur þessi stefna vakið undrun margra. Í Kína er ekki sama jeppa- og jepplingaæðið og á Vesturlöndum og þar hefur

> **Ford fólksbílar virðast ætla að eiga prýðilegasta framhaldslíf í Kína þrátt fyrir brotthvarf í Bandaríkjunum.**

fólk enn smekk fyrir fólksbílum og Ford Taurus selst þar vel.

### Mikil framleiðsla Ford fólksbíla í Kína

Nýlega var ný gerð Ford Taurus kynnt í Kína og líka í hinni ríkulegu Vignale útgáfu, fyrsta sinni. Í Vignale útgáfu kemur Taurus með glerþaki, LED aðalljósum og er á 19 tommu felgum. Taurus í Kína kemur með 245 hestafla 2,0 lítra vél og seinna meir gætu 2,7 lítra V6 vélin og 1,5 lítra vél bæst í flóruna. Í Kína eru einnig framleiddir Ford bílarnir Focus, Mondeo, EcoSport og Kuga, auk þess sem þar er seldur Ford Escort, hvernig sem hann lítur nú út. Ford fólksbílar virðast því ætla að eiga prýðilegasta framhaldslíf í Kína, þrátt fyrir brotthvarf þeirra bræðum í Bandaríkjunum. Ford í Bandaríkjunum ætlar þó áfram að smíða Mustang sportbílinn.

# BÍLAR



Tollar á varning frá Mexíkó byrja í 5% en fara svo hækkandi.

## Tollar Trumps á Mexíkó hækka bensínverð í Bandaríkjunum

Þar sem 600-700.000 tunnur af olíu eru sendar frá Mexíkó til Bandaríkjanna á hverjum degi er hætt við því að eldsneytisverð í Bandaríkjunum muni hækka um það sem tollunum nemur. Þessi olía er óunnin en bandarískar olíuhreinsunarstöðvar hreinsa þessa olíu og selja hana þar. Mexíkó kaupir reyndar meira af unninni olíu af Bandaríkjunum heldur en magn olíunnar sem flutt er frá Mexíkó yfir landamærin mælist. Þessi viðskipti hafa staðið lengi og ríkt mikil sátt og tollaleysi. Því gæfuástandi verður líklega raskað með nýjum tollum Trumps á Mexíkó.

Trump hyggst í fyrstu leggja á 5% tolla á allan varning frá Mexíkó sem fara svo síhækkandi ef Mexíkó gerir ekkert í því að stöðva ólöglegan innflutning fólks yfir landamærin til Bandaríkjanna. Þessir fyrirhuguðu tollar mundu kosta kaupendur þessarar hráolíu frá Mexíkó um 250 milljónir króna á dag, miðað við 5% toll og fara svo enn hækkandi. Mexíkó seldi Bandaríkjunum 9% af allri þeirri olíu sem til Bandaríkjanna var flutt í fyrra.



Ford Focus ST er innan við 6 sekúndur í hundraðið en búast má við því að langbaksútfærsla hans sé örlítið seinni.

# Ford Focus ST langbakur með 276 hestafla ruddaafl

Ford sýndi fyrir skömmu fyrstu myndirnar af nýjum Focus ST langbak en bíllinn sá fer á markað seinna í sumar. Hann mun fást bæði með dísil- og bensínvél eins og Hatchback útfærsla hans. Dísilvélin er 2,0 lítra EcoBlue vél skráð fyrir 187 hestöflum og bensínvélin 2,3 lítra forþjöppudrifin vél, 276 hestafla. Hægt verður að velja á milli 6 gíra beinskiptingar og 7 gíra sjálfskiptingar í bílinn.

Ford Focus ST er undir 6 sekúndum í hundraðið og búast má við því að 30 kg þyngri langbaksútfærsla hans sé örlítið seinni, líklega nálægt sléttum 6 sekúndum. Aðalkosturinn við langbaksútfærsluna er líklega yfirið skottrýmið sem mælist hvorki meira né minna en 608 lítrar og því bíllinn hæfur til lengri og náttúrulega mjög skemmtilegra ferðalaga. Verðið á dísilútgáfunni er 30.595 pund í Bretlandi, eða 4,8 milljónir og bensínútgáfan 33.095 pund, eða 5,2 milljónir króna.



**KOSTIR OG GALLAR**

## VOLVO V60 CROSS COUNTRY

- 2,0 LÍTRA D4 DÍSILVÉL
- 190 HESTÖFL
- FJÓRHJÓLADRIF

**Eyðsla:** 5,1 l/100 km í bl. akstri
**Mengun:** 135 g/km CO2
**Hröðun:** 8,2 sek. í 100 km hraða
**Hámarkshraði:** 210 km/klst.
**Verð frá:** 6.990.000 kr.
**Umboð:** Brimborg

Kostir:
- Útlit
- Vél
- Innrétting
- Búnaður

Gallar:
- Verð hækkar hratt með aukabúnaði



Volvo V60 Cross Country þykir að sumra mati fegursti bíll Volvo þó svo af mörgu góðu sé að taka.



Naumhyggja einkennir innréttingar Volvo.



Skottrýmið mælist 529 lítrar.

# Fagur ljúflingur

## Háfættari útgáfan af Bíl ársins á Íslandi er að vonum skemmtilegur bíll. Volvo V60 Cross Country stendur 60 mm hærra á vegi en hefðbundinn V60, er með mýkri fjöðrun, meiri slaglengd og jafngóða aksturseiginleika.



Reynsluakstur
Finnur Thorlacius
finnurth@frettabladid.is

Volvo hefur framleitt langbaka sína í Cross Country útfærslu frá árinu 1997 og var hinn kunni Volvo XC70 Cross Country þar fyrstur í röðinni. Núna framleiðir Volvo Cross Country útfærslur af flestum sínum bílgerðum, en þar fara háfættari útgáfur þeirra sem hæfari eru að glíma við torfærur. Hinn tiltölulega nýi V60 bíll er nú kominn í þessari útfærslu og þar er von á góðu því hefðbundinn Volvo V60 er ferlega góður bíll og stóð efstur á blaði í síðasta kjöri á Bíl ársins hérlendis. Því voru væntingar heilmiklar þegar ég fékk lyklana að þessum bíl í hendurnar, en í sem fæstum orðum þá stóð bíllinn undir öllum þeim væntingum. Reynsluakstursbíllinn var með D4 dísilvél sem er 190 hestafla og fjögurra strokka með 2,0 lítra sprengirými. Er það eina vélin sem er í boði í bílnum sem stendur, en Volvo ætlar að bjóða hann einnig sem tengiltvinnbíl og þá með bensínvél. Þessi D4 vél hentar þessum bíl mætavel og með henni er bíllinn frískur og sjaldan gætir skorts á afli. Uppgefin eyðsla með þessari vél er 5,1 lítri. Í reynsluakstrinum reyndist hann vera með um 8,5 lítra eyðslu, reyndar við fremur frísklegan akstur, en þó bæði innan- sem utanbæjar.

### Mikil akstursgæði

Það var sko alls ekki slæmt að hafa þennan bíl sem fararskjóta í hjólaferð kringum Skorradalsvatn, en bæði fór hann létt með að gleypa tvö fjallahjól inn í bílinn, sem og að glíma við ósléttan malarveginn á Draganum. Þar reyndist þessi fákur á heimavelli og hrein unun var að finna fyrir akstursgæðum hans á malarvegi og góða rásfestu hans þar. Mikið var um ljótar holur á veginum, en hin mjög svo slaglanga fjöðrun bílins át þessar holur með bestu lyst. Einn af stærri kostunum við bílinn er veghæð hans, en hann stendur heilum 60 mm hærra en hefðbundinn Volvo V60 og munar um minna ef glíma skal við snjóinn á veturna eða erfiðari vegi á sumrin. 21 cm er undir lægsta punkt. Ökumaður situr líka þess hærra í bílnum, en það er það sem margir kaupendur jepplinga kjósa einmitt. Að sjálfsögðu er þessi bíll fjórhjóladrifinn, annars væri hann ekki Cross Country og það eykur enn á getu hans! Þessi bíll er miklu betri akstursbíll en allir jepplingar og að auki með stærra flutningsrými, sem mælist 529 lítrar. Það er með því allra stærsta í flokknum sem V60 fellur í. Því er hér kominn frábær ferðabíll sem ég væri reyndar alveg til í að hafa í allt sumar.

### Sá fríðasti

En örlítið um útlit þessa nýja bíls Volvo. Að mati greinarskrifara er Volvo V60 Cross Country einfaldlega fallegasti bíll sem Volvo framleiðir um þessar mundir. Af mörgum fögrum Volvo-um er að taka því hver sætukoppurinn hefur runnið af öðrum frá færiböndum Volvo undanfarin ár og svo virðist sem hönnuðir Volvo fái eitthvað óvenju gott að borða þessa dagana, svo fagur er floti þeirra nú. Í raun á Volvo V60 Cross Country bara einn alvöru keppinaut í formi Audi A4 Allroad, en þeir falla báðir í flokk háfættra langbaka af minni gerðinni. Þarna fara tveir skemmtilegir bílar og fagrir, en þó verður að segjast að Volvoinn vinnur fegurðarsamkeppnina þeirra á milli. Þegar inn er komið tekur ekki verra við, bíllinn er hreinlega gullfallegur og hinn sænski mínimalismi fer honum svo vel. Það er þó efnisvalið og vinnubrögðin sem fá augum til að rýna aðeins betur og gleðjast um leið.

> **»** Uppgefin eyðsla með þessari vél er 5,1 lítri. Í reynsluakstrinum reyndist hann vera með um 8,5 lítra eyðslu

### Að tikka í boxin

Í reynsluakstursbílnum var leðurinnrétting og Harman Kardon hljóðkerfi, sem ásamt ýmsu öðru góðgæti lyfti verði bílsins frá grunnverðinu 6.990.000 kr. í um 8,8 milljónir. Það hækkar því hratt verðið þegar tikkað er í aukahlutaboxin. Bíllinn er þó ansi vel búinn í grunnútfærslu. Eitt af því sem kaupendur á Volvo V60 Cross Country fá umfram hefðbundinn V60 er ljúfari og mýkri fjöðrun sem fer betur með farþega, en fyrir þessum mismun finnst vel. Sem mikill aðdáandi langbaka, ekki síst þeirra af hærri og grófari gerðinni er þessi bíll fyrir mína parta nánast fullkomið ökutæki og ég mun seint skilja þá sem kjósa sér jepplinga umfram svona góða bíla sem í flestu eða öllu taka fram jepplingum. Þeir gerast ekki betri í þessum flokki en Volvo V60 Cross Country.



Eins og í öðrum Volvo bílum er innréttingin gullfalleg.



Fagur frá öllum hliðum og greinilega tilbúinn í átök.




Höfuðstöðvar Lykils.

# Hjálpum við að ná árangri í rekstri

## „Við hjá Lykli kappkostum að mæta sveiflum í tekjustreymi fyrirtæka með því að bjóða upp á sveigjanlegar afborganir,“ segir Sverrir Viðar Hauksson, sviðsstjóri viðskiptasviðs Lykils.

Þegar kemur að atvinnutækjum er ljóst að fram undan er veruleg endurnýjunarþörf, því miðað við áætlanir stjórnvalda eru horfur á að ráðist verði í verulega innviðauppbyggingu í samgöngukerfinu á næstu árum. Við hjá Lykli erum til þjónustu reiðubúin að tryggja hagstæða fjármögnun slíkra tækja og aðstoða þannig okkar fjölmörgu viðskiptavinum að ná hámarkshagræðingu í sínum rekstri,“ segir Sverrir Viðar Hauksson, sviðsstjóri viðskiptasviðs Lykils sem er eina sjálfstæða eignaleigufyrirtækið hér á landi með yfir 30 ára sögu.

### Þurfum að mæta sveiflum

Lykill býður fyrirtækjum fjölbreyttar leiðir til fjármögnunar sem eru sniðnar að mismunandi þörfum hvers og eins viðskiptavinar. Lykill býður til dæmis hefðbundna kaupleigu og fjármögnunarleigu auk rekstrarleigu á smærri og stærri tækjum ásamt Flotaleigu fyrir bíla fyrirtækja. Í kaupleigu býður Lykill allt að 90% fjármögnun af kaupverði, hvort heldur er í íslenskum krónum eða erlendri mynt. Í fjármögnunarleigu miðast fjármögnunarhlutfall við allt að 80% af kaupverði tækis. Lengd samningstíma er háð viðkomandi leigumun en algengur samningstími er 36-60 mánuðir. Í Flota- og rekstrarleigu Lykils eru allir bílar og tæki fjármögnuð 100% en algengur leigutími er 12-36 mánuðir.



Sverrir Viðar Hauksson, sviðsstjóri viðskiptasviðs Lykils.

### Árstíðabundnar sveiflur

„Í atvinnurekstri á Íslandi eru gjarnan árstíðabundnar sveiflur, ekki síst í byggingariðnaði, landbúnaði og vegagerð. Það þýðir auðvitað að tæki getur staðið ónotað svo vikum skiptir og skapar litlar sem engar tekjur á meðan. Þessu mætir Lykill með því að bjóða sínum viðskiptavinum upp á sveigjanlegar afborganir þannig að greiðslur eru hærri þegar nóg er að gera en lægri þegar tekjur lántaka dragast tímabundið saman. Þetta kunna okkar viðskiptavinir vel að meta.“

### Margir góðir kostir

Fjármögnunarleiðir Lykils fyrir fyrirtæki og rekstraraðila eru sex talsins. Flotaleiga eykur öryggi við rekstur bílaflota og stuðlar að lækkun kostnaðar sem vinnst með stærðarhagkvæmni Lykils. Fjármögnunarleiga hentar til fjármögnunar á vélum og tækjum til atvinnurekstrar, en þó best þeim sem vilja nýta sér hraðari gjaldfærslu á leigugreiðslum. Kaupleiga hentar ekki síður til fjármögnunar á vélum og tækjum til atvinnurekstrar þar sem vélar og tæki eru eignfærð í bókhaldinu og samningurinn færður sem skuld á móti. Rekstrarleiga á bílum eða atvinnutækjum byggir á því að Lykill kaupir ákveðinn leigumun í samráði við leigutaka sem leigir leigumuninn í fyrirfram ákveðinn tíma og hefur fullan umráðarétt yfir honum á leigutímanum. Leigugreiðslur eru gjaldfærðar og haldast óbreyttar út leigutímann. Loks eru svo Lykillán og Lykilsamningar en það eru valkostir þegar kemur að fjármögnun bíla. Hægt er að fá allt að 90% fjármögnun af kaupverði til allt að sjö ára fyrir nýja bíla.

> Í atvinnurekstri á Íslandi eru gjarnan árstíðarbundnar sveiflur, ekki síst í byggingariðnaði, landbúnaði og vegagerð.

### Þjónustufyrirtækið Lykill

Sverrir Viðar leggur áherslu á að Lykill er fjármálafyrirtæki undir eftirliti Fjármálaeftirlitsins en lítur ekki síður á sig sem þjónustufyrirtæki sem veitir snarpa og úrræðagóða þjónustu til sinna viðskiptavina. „Við tryggjum okkar viðskiptavinum hagstæð kjör til fjármögnunar á bílum og tækjum og veitum ráðgjöf um bæði fjármögnunartíma og samningsform. Hins vegar lítum við svo á að okkar hlutverki sé ekki lokið þótt búið sé að ganga frá samningi í upphafi heldur vinnum við áfram með okkar kúnnum að ná besta mögulega árangri í rekstrinum, segir Sverrir Viðar enn fremur.

2015 - 2017
Framúrskarandi fyrirtæki

# Nýr og rýmri RR Evoque frumsýndur síðustu helgi

Önnur kynslóð Range Rover Evoque er komin til landsins. Hefur ekki stækkað að utanmáli en er samt rýmri að innan vegna aukins hjólhafs.




Sérkennandi útlit og línur Evoque njóta sín áfram enda á hvort tveggja ríkan þátt í miklum vinsældum bílsins.

Jaguar Land Rover við Hestháls frumsýndi nýja kynslóð Range Rover Evoque á laugardaginn var. Nýr Evoque er með meira innra rými en fráfarandi bíll enda lengri á milli hjóla en áður og með hærri og lengri yfirbyggingu. Þá er Evoque auk þess á 13% stífari undirvagni og með nýrri multilink fjöðrun sem í senn eykur akstursþægindi og eiginleika og veitir enn meiri drifgetu utan alfaraleiða.

## Evoque er mildur tvinnbíll

Evoque er að sjálfsögðu fjórhjóladrifinn eins og áður en sú nýjung er nú til staðar í nýrri kynslóð að aflið til afturhjólanna aftengist sjálfkrafa þegar þess gerist ekki þörf til að draga úr eldsneytiseyðslu. Er Evoque því að mestu framhjóladrifinn í venjubundnum borgarakstri og á langkeyrslu. Þá er Evoque enn fremur fyrsti bíll Jaguar Land Rover sem kemur með 48 volta mildri tvinndrifrás (Mild Hybrid) sem styður við mismunandi dísil- eða bensínvélar til að draga úr eldsneytiseyðslu og útblæstri og auka þægindi og akstursánægju, einkum þegar ekið er af stað úr kyrrstöðu.

## Áfram sérkennandi

Sérkennandi útlit og línur Evoque njóta sín áfram í nýju kynslóðinni enda á hvort tveggja ríkan þátt í miklum vinsældum bílsins og þeim rúmlega 200 alþjóðlegu verðlaunum sem hann hefur fengið frá upphaflegri frumsýningu. Þó er heildarásýnd nýs Evoque jafnvel fágaðri en áður þar sem ávalar línurnar, grípandi hönnun grillsins og framljósanna ásamt hinni frægu afturhallandi þaklínu skipa stærstan sess í heildaryfirbragðinu. Nýjungarnar leyna sér heldur ekki í farþegarýminu vegna aukinna þæginda sem Evoque hefur upp á að bjóða. Auk náttúrulegra og endurvinnanlegra efna í innréttingu blasa við tveir miðjusettir snertiskjáir auk nýrrar gírstangar í stað hringlaga hnappsins sem áður var.

## Háskerpa baksýnisspegilsins

Sem dæmi um tækninýjungar má nefna baksýnisspegilinn sem jafnframt er háskerpumyndavél sem sýnir umhverfið aftan við bílinn, þar á meðal dráttarbeisli aftanívagnsins. Þá má nefna að afþreyingarkerfi Evoque styður m.a. þráðlaus heyrnartól sem einnig má hlaða þráðlaust í bílnum.

> Evoque er með 13% stífari undirvagni og með nýrri multilink fjöðrun sem í senn eykur akstursþægindi og eiginleika og veitir enn meiri drifgetu utan alfaraleiða.

## Sex vélar í boði

Ásamt 48 volta mildu tvinndrifrásinni skilar Evoque með Ingenium dísilvélinni 150 hestöflum, 180 eða 240 eftir því hvaða vél er valin. Einnig er hægt að velja Evoque með bensínvél sem skilar ásamt tvinndrifrásinni 200 hestöflum, 250 eða 300 hestöflum. Við vélarnar er í öllum tilfellum 9 gíra sjálfskipting. Þess utan er hægt að sérpanta Evoque framdrifinn og beinskiptan við 150 hestafla dísilvélina. Hjá Jaguar Land Rover við Hestháls kostar grunngerð Evoque með 150 hestafla vél og sjálfskiptingu kr. 6.990.000 en með þeim ákveðna búnaði sem flestir velja og verður meginsölubíll Evoque hér á landi kostar hann kr. 8.490.000.



Mestu breytinguna á 1-línunni má telja að nú er bíllinn framhjóladrifinn.

# Nýr BMW M135i er 302 hestöfl

BMW hefur nýverið kynnt þriðju kynslóð 1-línu sinnar með fjölbreyttu vélarúrvali, en sá öflugasti þeirra er M135i Xdrive með 302 hestöfl undir húddinu. Mestu breytinguna á 1-línunni má líklega telja að nú er bíllinn framhjóladrifinn en ekki afturhjóladrifinn. Reyndar er þessi öflugasta M135i gerð fjórhjóladrifin, enda vart annað hægt með svo mikið afl til taks. BMW býður ásinn með 114 til 188 hestafla dísilvélum, en bensínvélarnar eru aðeins tvær, 140 og 302 hestafla. Með þeirri fyrrnefndu er bíllinn 8,5 sekúndur í 100 en aðeins 4,8 sekúndur með þeirri öflugri og tyllir sá bíll sér í flokk með „hot hatch“-bílum, enda er bíllinn smár í sniðum.

Hægt verður að fá aflminni gerðir bílsins bæði með beinskiptingu og sjálfskiptingu, en 7 og 8 gíra sjálfskiptingu í öflugri gerðum hans. Í M135i XDrive er 8 gíra Steptronic sjálfskipting. BMW ætlar að kynna þessa þriðju kynslóð 1-línunnar á bílasýningunni í Frankfurt sem hefst í september. BMW 1-línan kom fyrst á markað árið 2004 og á því 15 ára sögu.

# Golf af Bandaríkjamarkaði

Ein birtingarmynd jeppa- og jepplingaæðisins vestanhafs birtist í því að Volkswagen ætlar að draga þennan næstmest selda bíls heims af næststærsta bílamarkaði heims.




Volkswagen Golf hverfur af markaði í Bandaríkjunum en ekki í Kanada.

Þegar ný áttunda kynslóð Volkswagen Golf kemur á markað mun Volkswagen hætta að bjóða hefðbundna gerð þessa goðsagnarkennda bíls í Bandaríkjunum. Núna er þeir Golf bílar sem seldir eru vestanhafs sérstaklega útbúnir fyrir Bandaríkjamarkað, en því ætlar Volkswagen að hætta frá og með næstu kynslóð. Það þýðir þó ekki að kraftagerðirnar Golf GTI og Golf R hverfi líka af markaði í Bandaríkjunum, því þeir verða þar í boði áfram. Volkswagen Golf Sportswagen, þ.e. langbakurinn, hefur einnig verið í boði í Bandaríkjunum, en verður það ekki heldur með áttundu kynslóðinni. Bandaríkjamenn gætu líka þurft að bíða í dágóða stund eftir Golf GTI og Golf R bílunum því raddir hafa heyrst þess efnis að þeir munu ekki koma af 8. kynslóð þangað fyrr en 2021 og það af 2022 árgerð.

## Verður í boði í Kanada

Það að hefðbundinn Golf verði ekki til sölu í Bandaríkjunum þýðir þó ekki að hann hverfi alfarið frá N-Ameríku þar sem hann verður áfram í boði í Kanada enda er hann best selda bílgerð Volkswagen þar. Engar fréttir eru af því hvort Golf Alltrak, háfætt gerð Golf, muni einnig hverfa af markaði í Bandaríkjunum. Þegar áttunda kynslóð Golf kemur á markað mun Volkswagen hætta að framleiða e-Golf rafmagnsgerðina þar sem hann verður leystur af með ID 3 rafmagnsbílnum. Frá og með áttundu kynslóð Golf verða í boði tvær tengiltvinnbílgerðir, en nú er það einungis Golf GTE. Ekki er ljóst hvort önnur, báðar eða hvorug þeirra verði í boði í Bandaríkjunum. Staðfest er að önnur þessara bílgerða kemst 80 km á rafmagninu einu saman.

RAM

ramisland.is

# NÝR RAM 3500




MEGA CAB

## MEGA CAB OG CREW CAB

**EIGUM TIL AFGREIÐSLU STRAX Í LIMITED, LARAMIE (SPORT & BLACK EDITION) OG BIG HORN. LONGHORN VÆNTANLEGUR.**

**VERÐ FRÁ : 6.967.745 ÁN VSK. – 8.640.000 M/VSK.**



CREW CAB



RAM BOX MEÐ 400W RAFTENGI



FJARSTÝRÐ OPNUN AFTURHLERA



MESTA INNRARÝMIÐ



12" SNERTI- OG UPPLÝSINGASKJÁR



360°MYNDAVÉL, SKYNJARAR AÐ FRAMAN OG AFTAN

Nýr RAM 3500. Nýtt glæsilegt útlit, nýjar útfærslur og fjölmargar tækninýjungar í boði. Öflug 6.7 lítra Cummins díselvél, 6 þrepa sjálfskipting (AISIN sjálfskipting), 370/400 hestöfl. RAM 3500 er með mesta togið, mestu dráttargetuna og mesta innrarýmið (Mega Cab) í sínum flokki.

Íslensk-Bandaríska er umboðsaðili RAM á Íslandi. Með því að kaupa RAM hjá okkur tryggir þú þér ábyrgð framleiðanda og allar innkallanir sem kunna að berast á líftíma bílsins verði tilkynntar eiganda sem framlengd ábyrgð framleiðanda og framkvæmdar eiganda að kostnaðarlausu.

ÍSBAND
ÍSLENSK-BANDARÍSKA BÍLAUMBOÐ

UMBOÐSAÐILI RAM TRUCKS Á ÍSLANDI • ÞVERHOLT 6 • 270 MOSFELLSBÆR • S. 534 4433
WWW.ISBAND.IS • ISBAND@ISBAND.IS • OPIÐ VIRKA DAGA 10-18 • LAUGARDAGA 12-16

# BÍLAR



Tesla Roadster sportbíllinn verður heimsins sneggsti bíll.

## Tesla Roadster kemur í aðeins 10.000 eintökum

Tesla vinnur nú að þróun annarrar kynslóðar Roadster bílsins og það mun enginn fjöldaframleiddur sportbíll standast honum snúning, en hann verður aðeins 1,9 sekúndur í hundraðið, 4,2 sekúndur í 160 og fer kvartmíluna á 8,8 sekúndum. Hámarkshraði bílsins verður 400 km/klst. Við bestu aðstæður á bílinn að komast 1.000 km á fullri hleðslu og það gerir enginn rafmagnsbíll í dag. Að sögn Elons Musk forstjóra Tesla verða að minnsta kosti í fyrstu aðeins framleidd 10.000 eintök af bílnum öfluga.

Hann segir enn fremur að geta þessa bíls verði svo mikil að það sé eiginlega ósanngjarnt fyrir aðra öfluga bíla, svo sem frá Ferrari og McLaren. Hvort auðvelt muni reynast að finna 10.000 kaupendur af þessum bíl, sem vafalaust verður ekki ódýr, skal ósagt látið, en þó virðast allir dýrir sportbílar sem framleiddir eru í takmörkuðu magni seljast hratt upp. Lítill hörgull virðist á ofurríku fólki í heiminum sem vill marka sér sérstöðu með eignarhaldi á svona bílum.



Honda Urban EV þykir með þeim laglegri sem eru á leiðinni.

## Honda Urban EV

### Nú þegar eru komnar 25.000 pantanir eingöngu í Evrópu í þennan sæta rafmagnsbíl Honda með „retro“-útliti.

Einn athygliverðasti rafmagnsbíll sem í bígerð er hjá bílaframleiðendum heimsins er þessi Honda Urban EV. Honda hefur haft þá eindregnu stefnu við hönnun og smíði þessa bíls að hann verði smár í sniðum, kosti ekki of mikið og sé hentugur í borgarumferðinni, umfram annað. Svo smár er hann reyndar að hann er 10 cm styttri en Honda Jazz, sem er jú einnig mjög smár bíll. Bíllinn þykir mjög fallegur þrátt fyrir nokkuð látleysi og hrósa má Honda fyrir það að frá fyrstu frumgerð hans og fram að svo til fullgerðum framleiðslubíl hefur hann eiginlega ekkert breyst í útliti. Það er eitthvað sem fólk er ekki vant.

**» Þar sem þessi bíll er nú hugsaður mest fyrir borgarumferðina er hann ekki með neitt risadrægi, eða 200 km. Það ætti þó að duga flestum þegar kemur að borgarskutlinu.**

**Borgarbíll með hóflegt drægi**

Þar sem þessi bíll er nú hugsaður mest fyrir borgarumferðina er hann ekki með neitt risadrægi, eða 200 km. Það ætti þó að duga flestum þegar kemur að borgarskutlinu. Fyrir vikið er bíllinn ekki þungur sökum risarafhlaða. Það mun líka auka akstursshæfni bílsins. Hlaða má bílinn að 80% drægi á aðeins 30 mínútum. Eins og sést á myndinni koma myndavélar í stað hliðarspegla og handföngin á hurðunum falla inn í bílinn til að minnka enn loftmótstöðuna. Að innan er Honda Urban EV vel tæknivæddur og flottur og stórir skjáir prýða mælaborðið og viðarinnleggingar eru í gullfallegri innréttingunni. Margir bíða spenntir eftir að þessi bíll komi á götuna, en opnað hefur verið fyrir pantanir á bílnum í Evrópu og nú þegar eru víst komnar meira en 25.000 pantanir í bílinn.

## Lada Camper fyrir þá efnaminni

Þeir sem þrá húsbíla en hafa ekki alveg efni á flestum slíkum sem bjóðast gætu kæst við tilkomu þessa húsbíls frá Lada. Fyrirtækið Lux-Form í Moskvu hefur í samstarfi við Lada smíðað þennan hófstillta húsbíl en hann er smíðaður ofan á Lada Granta, sem er pallbílsútfærsla á Lada bíl. Lada Granta er byggður á grind og því nokkuð sterkur bíll sem fer létt með að bera hús á pallinum. Í Camper húsbílnum verður engu að síður allt til alls fyrir tvo ferðalanga þar sem ferþegarýmið tekur aðeins tvo. Innanrýmið í húsinu er um 2,2 metrar að lengd og tæplega 1,6 metrar á hæð, svo það er reyndar ekki manngengt nema fyrir einkar smávaxið fólk.

Í húsbílnum er eldhús með



Lada Camper er ódýr kostur.

eldunaraðstöðu og vaski, klósett og sturta og nokkuð stór skápur. Vatnstankurinn tekur 70 lítra og er hann með hitunarbúnaði og affallstankurinn tekur 45 lítra. Bíllinn er með rafmagnstengi sem smella má í samband á betri tjaldstæðum. Bíllinn mun aðeins kosta á bilinu 2,2 til 3,4 milljónir króna, allt eftir búnaði og útfærslu. Stutt er í að þessi ódýri húsbíll komi á markað í Rússlandi.

## Gaf aðstoðarmanninum glæstan vinninginn

PGA-golfarinn Kevin Na er greinilega gjafmildur maður, en hann hefur líklega efni á því. Kevin Na gerði sér lítið fyrir og vann PGA-mótið Charles Schwab Challenge og fékk fyrir vikið 1,3 milljón dollara vinningsfé, eða um 160 milljónir króna. Það var þó ekki það eina sem hann hlaut í vinning fyrir sigurinn því honum fylgdi líka forláta sérlega vel uppgerður Dodge Challenger bíll af árgerð 1973, en sá bíll verður að teljast til fegurri bíla áttunda áratugar síðustu aldar. Kevin Na gerðist svo rausnarlegur að gefa aðstoðarmanni sínum, eða caddie eins og þeir eru kallaðir upp á enska tungu, bílinn.



Kevin Na og aðstoðarmaður hans við Dodge Challenger bílinn.




Varahlutir í alla bíla



# BÍLANAUST ER SÉRVERSLUN BÍLAÁHUGAFÓLKS

Rekstrarvörur



Bón og hreinsivörur





Garða- og tómstundakerrur frá: 149.900 kr.





## Við höfum opnað 6 verslanir

auk þess sendum við vörur um allt land

Bílanaust

Á FULLRI FERÐ

**Sími 535 9000**

Skoðaðu vöruúrvalið á **www.bilanaust.is**

| STÓRVERSLUN DVERGSHÖFÐA 2 | Dalshrauni 17 | Hafnargata 52 | Hrísmýri 7 | Furuvöllum 15 | Sólvangi 5 |
|---|---|---|---|---|---|
| 110 Reykjavík | 220 Hafnarfirði | 230 Reykjanesbæ | 800 Selfossi | 600 Akureyri | 700 Egilsstöðum |
| S. 535 9000 | S. 555 4800 | S. 421 7510 | S. 482 4200 | S. 535 9085 | S. 471 1244 |

www.bilanaust.is

# BÍLAR



Nissan Leaf er söluhæsti rafmagnsbíll heims.

## Rafhlöðurnar í Nissan Leaf endast 10-12 árum lengur en bílarnir

Margir hefðu haldið að skipta þyrfti um rafhlöður í rafmagnsbílum eins og Nissan Leaf þar sem þær missa aðeins geymslurými sitt með aldrinum. Þessu er þó öfugt farið þar sem Nissan hefur komist að því að rafhlöður bílanna endast 10 til 12 árum lengur en bílarnir sjálfir. Nissan fylgist mjög vel með endingu þeirra 400.000 Nissan Leaf bíla sem eru á götunum, en Nissan Leaf er söluhæsti einstaki rafmagnsbíll heims. Nissan gerir ráð fyrir 10 ára endingu bíla sinna, en svo virðist sem rafhlöður þeirra muni endast í 22 ár þó svo að þá verði verulega dregið úr geymslugetu þeirra. Nissan hefur í ljósi þessara staðreynda kappkostað að finna not fyrir þær rafhlöður sem teknar hafa verið eða verða teknar úr Leaf bílum sem fargað er. Dæmi um slíkt er þriggja megawatta rafhleðslustöð sem sett var saman úr 148 rafhlöðum úr Leaf í Amsterdam Arena fótboltavellinum í Hollandi og sér þar um rafmagnsnotkun á vellinum.

> Nissan gerir ráð fyrir 10 ára endingu bíla sinna, en svo virðist sem rafhlöður þeirra muni endast í 22 ár.



Audi Q5 PHEV er með 367 hestafla drifrás og er litlar 5,3 sekúndur í hundraðið.

## Audi Q5 PHEV öflugri en SQ5

Audi hefur sett á markað nýja gerð Q5 jepplingsins í formi tengiltvinnbíls og hann er með 367 hestafla drifrás. Aldrei áður hefur Audi vopnað hefðbundna bíla sína með meira afli en S eða RS kraftabíla sína. Það á þó við í tilfelli Q5 því að tengiltvinnútgáfan er 13 hestöflum öflugri en Audi SQ5 bíllinn. Það þýðir þó ekki að hann sé sneggri þar sem SQ5 er 5,1 sekúndu í 100 km hraða, en tengiltvinnútgáfan 5,3 sekúndur. Togið er ámóta í báðum þessum gerðum. Audi Q5 tengiltvinnbíllinn, sem Audi hefur reyndar nefnt Audi Q5 55 TFSI e Quattro, kemst fyrstu 40 kílómetrana á rafmagninu eingöngu og nær eingöngu á því allt að 135 km hraða. Stærð rafhlöðunnar í bílnum er 14,1 kWh. Það tekur aðeins 2,5 klukkustundir að fullhlaða bílinn með 400V rafstöð sem kaupa má með bílnum, en 6 klukkustundir með hefðbundnu 220V rafmagni. Audi ætlar að hefja sölu á þessari nýju gerð Q5 á þriðja ársfjórðungi þessa árs í Evrópu og nokkru síðar vestanhafs.

> Það tekur aðeins 2,5 klukkustundir að fullhlaða bílinn með 400V rafstöð sem kaupa má með bílnum.




100% MERINO ULL
LYKTAR EKKI
FYRIR UNGA FÓLKIÐ
HLÝRRI
Stingur ekki
Oasis Crewe barna
5.990 kr.
Oasis Leggings barna
5.990 kr.
Sphere Tank dömu
8.490 kr.
Away rennd hettupeysa dömu
25.990 kr.
Anatomica Rib Tank herra
7.990 kr.
Compass Shirt herra
19.990 kr.
icebreaker® MERINO
Icebreaker Merino ull - fyrir alla þá sem vilja hlýjan ullarfatnað sem stingur ekki og dregur ekki í sig lykt.
Amplify herra
9.990 kr.
Departure skyrta herra
18.990 kr.
Stingur ekki
Náttúruleg vörn gegn bakteríum
Hnökrar lítið sem ekkert
Dregur ekki í sig lykt
Saumar sem koma í veg fyrir núning
Fljótt að þorna
Þarf ekki ullarþvott, má þvo á 40°
Helix jakki m/hettu dömu
34.990 kr.
Helix jakki herra
31.990 kr.
100% Merino ull
Bolir, leggings, jakkar, sokkar, vettlingar, nærföt, skyrtur og húfur.
Fjölbreytt úrval lita og mismunandi þykktir
Oasis hálfrennd dömu
13.990 kr.
Quantum rennd hettupeysa dömu
23.990 kr.
Oasis Crewe herra 11.990 kr.
Quantum rennd hettupeysa herra
23.990 kr.
Everyday Cami dömu
6.990 kr.
Siren Tank dömu
6.990 kr.
ICEBREAKER
Anatomica Zone Boxers herra
6.590 kr.
Zone Short dömu/herra
7.990 kr.
Oasis Legless dömu
10.990 kr.
Everyday leggings dömu/herra
9.990 kr.
Tech Lite dömu
9.990 kr.
Tech Lite herra
9.990 kr.
Tech Lite herra
10.990 kr.
Zone Crewe dömu
9.990 kr.
Zone hálfrennd dömu
11.990 kr.
Everyday Crewe dömu
9.990 kr.
Everyday hálfrennd herra
10.990 kr.
Smiðjuvegur 8,
Græn gata
200 Kópavogi,
sími: 571 1020
www.ggsport.is
GG·sport
GG·sport
BYKO
„Finndu okkur á Facebook"

# Nudd getur verið fyrirbyggjandi

## Formanni félags heilsunuddara finnst mikilvægt að starfsheitið verði lögverndað.

Sandra Guðrún Guðmundsdóttir
sandragudrun@frettabladid.is



Heilsunudd nær yfir margar mismundandi nuddaðferðir frá öllum heimshornum. Fjölbreytileiki heilsunudds er ótvíræður kostur og heilsunuddarar eru með ólíkar áherslur við meðhöndlun. Unnur Kolka Leifsdóttir, formaður Félags íslenskra heilsunuddara, segir að starfsheitið heilsunuddari sé notað til að aðgreina þá frá öðrum nuddurum sem ekki hafa jafn mikla menntun í faginu.

„Sá sem er heilsunuddari er lærður úr nuddbraut FÁ sem þýðir að hann hefur lokið þriggja ára námi auk starfsþjálfunar og kann hinar ýmsu nuddaðferðir sem hann svo beitir eftir þörfum. Við lærum meðal annars klassískt nudd, triggerpunkta meðferð, heildrænt nudd, sogæðanudd og íþróttanudd. Við lærum sem sagt alhliða nudd, en nuddarar velja oft að sérhæfa sig eftir áhugasviðum.“



Unnur Kolka segir nudd koma í veg fyrir meiðsli FRÉTTABLAÐIÐ/SIGTRYGGUR ARI

Unnur Kolka segir að það megi skipta faginu í tvennt. Heilsunuddarar vinna með fólk sem kemur í meðferð við kvillum eins og til dæmis vöðvabólgu, verkjum og stirðleika. En nudd er líka fyrirbyggjandi. Það er hægt að stunda nudd reglulega, líkt og líkamsrækt eða jóga.

„Nútímalífsstíll er þannig að hann vinnur svolítið á móti okkar náttúrulegu þörfum. Þessi mikla kyrrseta, og þá sérstaklega tölvuvinna, er slæm fyrir líkamann. Með því að stunda nudd reglulega má minnka töluvert líkur á því að þróa með sér vinnutengda stoðkerfisvanda. Svo erum við mörg dugleg að hreyfa okkur en kannski ekki nógu dugleg að teygja, þá getur nudd bætt upp fyrir það og mögulega komið í veg fyrir meiðsli,“ segir Unnur Kolka.

„Nudd hjá lærðum nuddara er frekar vinsælt á Íslandi miðað við önnur lönd. Íslendingar þekkja alvöru nudd. Margir eru mjög meðvitaðir um það að ef þeir fara til nuddara einu sinni í mánuði fá þeir síður stoðkerfisvandamál, til dæmis höfuðverki, hálstak eða bakvandamál. Margt af því sem við gerum er forvörn. Mér finnst það svolítið vanmetinn hluti af heilbrigðisþjónustu. Það væri áhugavert að sjá tölur um það hversu margir fá vöðvabólgugreiningu eftir að hafa mætt á bráðamóttöku vegna verkja. Ég get nokkurn veginn fullyrt að ef fleiri fengju reglulegt nudd sem forvörn myndi veikindadögum á flestum vinnustöðum fækka svo um munar.“

Unnur Kolka segir að heilsunuddarar hafi unnið að því að fá viðurkenningu sem heilbrigðisþjónusta en kannski eigi þeir ekki heima þar.

„Við erum svolítið eins og hreyfingin og heilsuræktin. Að borða hollt, hreyfa sig og fara í nudd. Þetta er frekar hluti af heilsueflingu en heilbrigðiskerfinu. Það ætti kannski frekar að heita sjúkdómakerfið. Þú ferð þangað því þú ert kominn á þann stað að vandamálin eru orðin alvarleg og krefjast læknisaðstoðar, en þú vilt vera hjá okkur til að forðast vandamál í stoðkerfinu og meiðsli. Gott dæmi er hásinarslit sem í mörgum tilfellum kemur vegna þess að vöðvar í kálfa gefa ekki nógu vel eftir.“

Unnur Kolka leggur áherslu á að starf heilsunuddara sé mikilvægt og þeir beri mikla ábyrgð því þeir eru með fólk í höndunum. Því finnst henni mikilvægt að starfsheitið verði lögverndað.

„Eins og er getur hver sem er kallað sig heilsunuddara og ekkert sem ég get gert annað en senda skammarbréf. Margir halda að nuddnám snúist um að kunna sem mestar og bestar aðferðir til þess að nudda en satt best að segja er mikilvægasta ástæða þess að nuddari þarf að hafa góða menntun sú að hann hafi viskuna til þess að vita hvenær ekki á að nudda. Til dæmis að átta sig á öðrum einkennum sem benda til þess að viðkomandi ætti frekar að leita til læknis. Þess vegna er lögverndun starfsheitis svo mikilvæg. Við viljum að starfsheitið verði lögverndað svo fólki viti að þeir sem kalla sig heilsunuddara séu öruggir. Fólk þarf að treysta því að ef einhver kallar sig heilsunuddara þá hafi hann sannarlega tekið þetta nám.“



# Smáauglýsingar

550 5055
Afgreiðsla smáauglýsinga og sími er opinn alla virka daga frá 9-16
Netfang: smaar@frettabladid.is




**Honda Civic Comfort 5 dyra**
Nýskráður 7/2017, ekinn 23 þús.km., bensín, sjálfskiptur.
Ásett kr. 2.790.000
Tilboð
kr. 2.490.000
Afborgun kr. 32.406 á mánuði



**Honda Civic Sedan**
Nýskráður 10/2017, ekinn 18 þús.km., bensín, beinskiptur.
Verð
kr. 3.090.000
Afborgun kr. 40.176 á mánuði



**Honda Civic Tourer Comfort**
Nýskráður 8/2016, ekinn 35 þús.km., bensín, sjálfskiptur.
Verð
kr. 2.590.000
Afborgun kr. 33.701 á mánuði



**Honda CR-V Elegance Dísil**
Nýskráður 4/2017, ekinn 77 þús.km., dísel, sjálfskiptur.
Ásett kr. 3.990.000
Tilboð
kr. 3.690.000
Afborgun kr. 47.946 á mánuði



**Toyota Land Cruiser 120**
Nýskráður 9/2005, ekinn 250 þús.km., dísel, sjálfskiptur.
Verð
kr. 1.690.000
Allt að 100% fjármögnun í boði

BERNHARD
NOTAÐIR BÍLAR
Bílakjarnanum • Eirhöfða 11 • Sími 551 7171 • notadir.bernhard.is

## Bílar & Farartæki

SUZUKI



SUZUMAR gúmmíbátar. Uppblásnir slöngubátar með álgólfi og mikla burðargetu. Til í stærðum frá 2,9m - 4,2m. Verð frá 255.000.- kr.

**SUZUKI**
**Skeifunni 17, 108 Reykjavík**
**Sími: 568 5100**
**suzukisport@suzuki.is**
**Suzuki.is**

KRÓKUR

**ÞARFTU AÐ KAUPA EÐA SELJA BÍL?**
Bilauppbod.is er uppboðsvefur þar sem þú getur keypt eða selt bíl á einfaldan og hagkvæman hátt. Kynntu þér málið. www.bilauppbod.is Sími 522-4610.

## Þjónusta

**Bilauppboð - Krókur**
**Sími: 522 4610**
**www.bilauppbod.is**

### Hreingerningar

**VY-ÞRIF EHF.**
Öll almenn þrif, fyrir heimili, húsfélög, fyrirtæki ofl. Gerum verðtilboð. S. 512 4010 www.vy.is

Barnaheill
Save the Children á Íslandi
